



Háskólinn á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið

Lagadeild

7. maí 2010

MÆÐFERÐ SAKAMÁLA UNGMENNA

SKILORÐSBUNDNIR DÓMAR, SAMFÉLAGSPJÓNUSTA OG SÁTTAMIÐLUN

Berglind Jónasardóttir

Lokaverkefni á Hug- og félagsvísindasviði



Háskólinn á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið

Lagadeild

7. maí 2010

MÆÐFERÐ SAKAMÁLA UNGMENNA

SKILORÐSBUNDNIR DÓMAR, SAMFÉLAGSPJÓNUSTA OG SÁTTAMIÐLUN

Berglind Jónasardóttir

Lokaverkefni til 180 eininga B.A.-prófs á Hug- og félagsvísindasviði

Leiðbeinandi: Eyþór Þorbergsson

Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis
og að það er ágóði eigin rannsókna

Berglind Jónasardóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi
kröfum til B.A.-prófs á Hug- og félagsvísindasviði

Eyþór Þorbergsson

Útdráttur

Í ljós hefur komið að vegna brota í ákveðnum brotaflokkum eru ungmenni mjög stór hópur gerenda og bersýnilegt að ekki eru úrræðin nægilega góð til að koma í veg fyrir afbrot ungmenna. Varðandi úrræðin sem til boða standa fyrir unga afbrotamenn, fyrir utan að sæta fangelsisvist, eru skilorðsbundnir dómur eða samfélagsþjónusta. Skilorðsbundnir dómur eru töluvert mikið notaðir vegna afbrota ungmenna, en Fangelsismálastofnun sem sér um samfélagsþjónustuna hefur ekki tekist nógu vel upp með að fá unga afbrotamenn til að sinna samfélagsþjónustu. Hluti skýringar á því máli er hugsanlega að samfélagsþjónusta stendur oftast þeim til boða sem hlotið hafa óskilorðsbundinn dóm, en það er þrautalending í málum ungmenna.

Sáttamiðlun var tekin upp í tilraunaverkefni á Íslandi árið 2006 og stóð verkefnið yfir í tvö ár. Gafst verkefnið afskaplega vel, en ekki hefur enn komið út lokaskýrsla nefndarinnar er sá um verkefnið. Leyfilegt er þó að notast við sáttamiðlun eins og hún var framkvæmd á tilraunatímabilinu og var lögfest í sakamálalögunum nr. 88/2008 að fella mætti niður saksókn hafi samkomulag náðst. Engin lög eru þó til um sáttamiðlun sem slíka og einu reglurnar sem til eru um hana eru í fyrirmælum sem ríkissaksóknari setti við upphaf tilraunaverkefnisins.

Abstract

It appears that in certain categories of offences, juveniles are the greatest proportion of offenders, and the resources are not efficient enough to prevent them from occurring. The resources available for juveniles' offences, apart from imprisonment, are probational sentences and community service. Probational sentences are commonly used for juveniles' offences, but the State institution for penitentiary, which oversees community services, has not succeeded well enough in having juvenile offenders participate in community services. Part of the explanation is possibly that the community service is thought of for those having got non-pobational sentences, but that is the last resource in juvenile cases.

Mediation was taken into criminal proceedings in Iceland in 2006 as an experimental project, which lasted for two years. The experiment was a success, but the final report of the committee overseeing it, has not been issued yet. However, it is allowed to use mediation in cases of criminal offences according to the criminal code no. 88/2008, which allows the prosecution to drop indictment have the parties reached an agreement. No law exist regulating mediation as such, and the only rules regulating it are in a dictate issued by the district attorney at the beginning of the experimental project.

Þakkarorð

Nokkrir góðir einstaklingar aðstoðu mig við gerð þessarar ritgerðar. Bæði hugmyndina að henni, framkvæmdina, umræður um efnið og yfirlestur. Fyrst vil ég þakka leiðbeinanda mínum Eyþóri Þorbergssyni fyrir mikla hvatningu, bæði við upphaf skrifanna sem og á meðan á þeim stóð. Fagleg umræða um efnið, nákvæm yfirferð, leiðbeiningar og gagnrýni varðandi bæði skrifin, hugmyndina og efnið sjálft, var til ómældrar hjálpar við gerð ritgerðarinnar. Nokkrir bekkjarfélagar mínir áttu þátt í hugmyndasmíðinni og hjálpuðu til með umræðu um efni og form ritgerðarinnar. Helst vil ég þó þakka Davíð Birki Tryggvasyni bekkjarfélaga mínum fyrir kveikju að hugmyndinni sem varð að þessari ritgerð. Þá vil ég þakka fjölskyldu minni, sérstaklega Gretari Óla Ingþórssyni fyrir sýnda þolinmæði í minn garð vegna þess tíma sem ritgerðin hefur tekið í smíðum. Móður minni, Sigríði Björgu Einarsdóttur, vil ég einnig þakka af heilum hug fyrir hvatningu og málfraðilegan yfirlestur.

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	2
2. MEÐFERÐ SAKAMÁLA UNGMENNA	5
2.1 ALMENNT UM AFBROT UNGMENNA	5
2.2 ALMENN REFSISKILYRÐI	6
2.2.1 Sakhæfi.....	6
2.3 MÁLSMEÐFERÐ SAKAMÁLA	7
2.3.1 Lögin	7
2.3.2 Málsmeðferð sakamála ungra afbrotamanna.....	8
2.4 ÁKVÖRÐUN REFSINGAR OG REFSIHÆÐ	9
2.4.1 Máli lokið án ákæru.....	10
2.4.2 Skilorðsbundnir dómar	12
2.4.3 Samfélagsþjónusta.....	14
3. SÁTTAMIDLUN	16
3.1 UPPBYGGILEG RÉTTVÍSI	16
3.2 LÖGREGLUMENN SEM SÁTTAMENN	17
3.3 UPPHAF SÁTTAMEÐFERÐAR	18
3.4 TILRAUNAVERKEFNIÐ UM SÁTTAMIDLUN	19
3.4.1 Tilraunaverkefnið Hringurinn	20
3.5 KOSTIR OG GALLAR SÁTTAMIDLUNAR	20
3.5.1 Kostir.....	20
3.5.2 Gallar.....	22
3.6 REGLUVERK SÁTTAMIDLUNAR.....	24
3.6.1 Brot sem leysa má með sáttamiðlun.....	24
3.6.2 Meginreglur.....	25
3.7 SÁTTAMIDLUN Á NORÐURLÖNDUNUM.....	25
3.7.1 Sáttamiðlun í Noregi	25
3.7.2 Sáttamiðlun í Danmörku	26
3.7.3 Sáttamiðlun í Svíþjóð.....	26
3.7.4 Sáttamiðlun í Finnlandi	27
3.8 FRAMHALD SÁTTAMIDLUNAR Á ÍSLANDI	28
4. LOKAORÐ	29
HEIMILDASKRÁ	30

1. Inngangur

Barnaverndarlögin taka til víðs sviðs innan barnaverndarmála og eitt af markmiðum laganna er að tryggja réttindi barna, ásamt því að leggja skyldur á foreldra að tryggja börnum sínum umhyggju og gegna forsjár- og uppeldisskyldum ásamt öllu sem því tilheyrir.¹ Aðalmarkmið laganna er þó að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður, eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu, fái nauðsynlega aðstoð.² Lögin taka til barna upp að 18 ára aldri nema annað sé sérstaklega ákveðið með samþykki ungmennis, eða að ráðstafanir séu gerðar á grundvelli laganna sjálfra og haldast þá réttindi og skyldur til 20 ára aldurs.³

Í öðrum kafla ritgerðarinnar verður fjallað um meðferð sakamála, bæði almennt og hvað varðar ungmenni sérstaklega. Sérstakur gaumur er gefinn að vægi refsinga í aldursflokknum 15-21 árs. Þegar lögregla fær mál til meðferðar er varðar refsiverðan verknað af hálfu barns skal það tilkynnt barnaverndarnefnd. Við málsmeðferð er foreldrum heimilt að vera viðstaddir skýrslutökur af barni sínu nema lögregla ákveði annað vegna hagsmuna barnsins. Fulltrúa barnaverndanefndar gefst þó alltaf kostur á að vera viðstaddur skýrslutökur.⁴ Ákærvaldið hefur heimild skv. 146. gr. laga um meðferð sakamála til að falla frá saksókn við nánar tilgreindar aðstæður. Þó aldur sé ekki tekinn sérstaklega fram í skilyrðunum fyrir fráfellingu saksóknar er þetta úrræði sérlega hliðhollt ungum afbrotamönnum. 2. og 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála kveða á um að falla megi frá saksókn með því að fresta ákæru skilorðsbundið samkvæmt almennum hegningarlögum, en þetta beinist sterklega að sakborningum á aldrinum 15-21 árs.⁵ Skilorðsdómar eru algengir í málum ungra afbrotamanna, einkum í minniháttar málum en alvarleg mál á borð við manndráp hafa einnig verið dæmd skilorðsbundið.⁶ Við ákvörðun refsinga hafa mörg atriði áhrif og er aldur sakbornings þar mikilvægur þáttur. Skv. 4. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga skal taka tillit til aldurs þess sem að verki er valdur þegar refsing er ákveðin. Jafnframt kveður 2. tl. 1. mgr. 74. gr. sömu laga á um að þegar brot er framið af manni sem ekki er fullra 18 ára og má álíta að vegna æsku hans að full refsing sé ónauðsynleg eða skaðleg, má lækka refsingu niður úr því lágmarki sem kveðið er á um í lögum. Sama grein

¹ Lög nr. 80/2002, 2. mgr. 1. gr.

² Lög nr. 80/2002, 1. mgr. 2. gr.

³ Lög nr. 80/2002, 1. mgr. 3. gr.

⁴ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um unga afbrotamenn, bls. 2.

⁵ Lög nr. 19/1940, 1. tl. 1. mgr. 56. gr.

⁶ Dómur Hæstaréttar nr. 62/1987.

kveður einnig á um að aldrei megi dæma menn á þessum aldri í þyngri refsingu fyrir brot en 8 ára fangelsi.

Fátítt er að dómstólar séu gagnrýndir fyrir of þunga dóma, algengara er að þeir séu gagnrýndir fyrir of væga dóma og er þá sérstaklega átt við líkamsárásarmál og kynferðis-afbrotamál. Dómstóll götunnar gagnrýnir harðlega refsíákvarðanir dómstóla landsins og sérstaklega dóma Hæstaréttar. Er það nú svo að Hæstiréttur vægir oft refsingar sem héraðsdómstólarnir hafa ákveðið og er þetta sérstaklega ámælisvert að mati almennings. Draga má þá ályktun að fjölmiðlar, sem oftast en ekki dreifa þessum ágreiningi, „vilji almennt þyngja refsingar án þess að fram komi hver eigi að vera tilgangur og markmið refsinga að þeirra mati og þá hversu mikið vægi þyngd refsingar hefur til að ná settum markmiðum“⁷. Almennigur fer oftast en ekki fram á að dómstólar taki mark á almenningsálitinu hvað varðar refsíákvarðanir í dómum sínum. Um það er það að segja að „einn meginþáttur mannréttinda er réttur sakaðra manna um að mál þeirra séu útkljáð af sérstökum óháðum dómstólum með faglegum hætti“⁸. Sakamenn eiga ekki að þurfa að sæta dómum dómstóls götunnar því þannig yrði réttaröryggi borgaranna allra augljóslega fórnað. Krafa fjölmiðla um að taka beri tillit til vilja almennings við ákvörðun refsinga eru ekki tæk rök, og gætu allt eins talist hættuleg réttarörygginu eins og áður var komið að. Hafa ber þó í huga að þegar maður hefur verið ákærður er hann óhjákvæmilega dæmdur af almenningi sem glæpamaður. Dómstóll götunnar er *de facto* harður dómstóll og gætir engra réttlætissjónarmiða. Því er mjög mikilvægt að ákærvaldið vandi til verka þegar ákveða skal hvort ákæra eigi mann fyrir brot. Það getur ekki talist í lagi að ákæra mann vegna brots séu ekki yfirgnæfandi líkur á því að hann verði sakfelldur, m.a. vegna áhrifa dómstóls götunnar á líf hins ákærða, jafnvel þótt hann verði sýknaður af öllum ákærum. Tilgangur refsinga er fyrst og fremst að koma í veg fyrir eða draga úr fjölda afbrota og spurningin er því sú hvort hertar refsingar, eins og almennigur fer fram á, dragi úr afbrotum. Tilgangurinn virðist oft gleymast í almenningsumræðunni, sem virðist stjórnað af heift og hefndarhug.⁹

Í þriðja kafla ritgerðarinnar er fjallað um sáttamiðlun, bæði almennt um hana, svo og verkefni það er beindist sérstaklega að ungmennum 15-21 árs. En sáttamiðlun er byggð á hugmyndafræði sem kallast uppbyggileg réttvísi. Þetta felur í sér að leitast er við að ná sáttum milli brotamanns og brotaþola í kjölfar afbrots. Aðalmarkmið sáttamiðlunar er að brotamaðurinn komist í skilning við þau rangindi sem hann hefur viðhaft og friðmælist við brota-

⁷ Dómstólaráð og héraðsdómstólarnir: Hugleiðing um refsíákvarðanir.

⁸ Dómstólaráð og héraðsdómstólarnir: Hugleiðing um refsíákvarðanir.

⁹ Brynjar Níelsson: Um glæpi og refsingar, bls. 19.

þola.¹⁰ Sú grundvallarhugmynd býr að baki sáttamiðlunar að fólk leysi sjálft úr ágreiningsmálum sínum. Rætt hefur verið um það að ágreiningsmál hafi á undanförunum árum og áratugum verið yfirtekin af sérfræðingastéttum eins og lögmönnum – sem eru sérþjálfaðir í að fyrirbyggja eða leysa ágreining. Með sáttamiðlun er ágreiningsefnið þó eign deiluaðila og þeir leysa sjálfir ágreininginn, með óbeinni hjálp sáttamanns.¹¹ Sáttamiðluninni er ætlað að ljúka með samningi um málalok sem brotamaður og brotþoli gera sameiginlega. Sáttamiðlun á Norðurlöndunum er sérstaklega skoðuð og framkvæmd hennar í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi rædd sérstaklega. Í lokin er kaflinn tekinn saman og framhald sáttamiðlunar á Íslandi rætt.

Í fjórða og síðasta kafla ritgerðarinnar er tekið stuttlega saman það sem rætt hefur verið í ritgerðinni. Helstu ágreiningsefnin og niðurstöður úr þeim teknar saman svo og hugmyndir höfundarins varðandi hvað mætti betur fara við meðferð mála á hendur ungmennum. Álit er gefið á þeim úrræðum sem rædd eru í ritgerðinni í þessum samantektarkafli.

¹⁰ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Sáttamiðlun í opinberum málum.

¹¹ Ingibjörg Bjarnadóttir: Sáttamiðlun milli foreldra um hag og þarfir skilnaðarbarna.

2. Meðferð sakamála ungmenna

2.1 Almennt um afbrot ungmenna

Ungmenni eru almennt taldir þeir einstaklingar sem eru á aldrinum 15-21 árs. Börn eru þeir sem eru undir 15 ára aldri, en hinn almenni borgari er yfir 21 árs. Í þessum kafla verður ýmist fjallað um ungmenni 15-21 árs, eða unglinga 15-19 ára, ungt fólk 20-24 ára og svo aðra.

Í afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra fyrir árið 2008 kemur fram að algengustu brot á hegningarlögunum í aldursflokki unglinga, þ.e. 15-19 ára, eru þjófnaðarbrot önnur en innbrot, en næst á eftir eru eignaspjöll. Alls voru 495 unglingar kærðir til lögreglu fyrir þjófnaðarbrot og 239 unglingar kærðir fyrir eignaspjöll. Í báðum tilfellum, þ.e. við þjófnaðarbrot og eignaspjöll, eru karlar í miklum meirihluta gerenda, en athygli vekur einnig að nokkuð mörg börn voru kærð fyrir þjófnaðarbrot, eða 105 talsins. Þar voru stelpur í meirihluta, eða 57, en strákar 48.¹²

Þegar skoðuð eru einstök brot, svo sem innbrot, þjófnaðarbrot, líkamsárásir (bæði minni háttar og meiri háttar), eignaspjöll (bæði minni háttar og meiri háttar), nytjastuldur vélknúinna ökutækja og kynferðisbrot, kemur í ljós að í afbrotum í öllum brotaflokkum, nema kynferðisbrotum, eru unglingar 15-19 ára stærsti einstaki hópur gerenda. Til að mynda eru kærur vegna innbrota 113 í flokknum 15-19 ára, en næst á eftir koma 20-24 ára með 85 kærð innbrot. Þessir tveir flokkar mynda 47%, eða næstum helming allra sem kærðir voru árið 2008 fyrir innbrot. Vegna þjófnaðarbrot mynda kærðir 24 ára og yngri 43% af heildinni, en þar eru börn yngri en 15 ára óvenjulega stór hópur miðað við aðra brotaflokk. Sömu sögu er að segja um kærur vegna minni háttar líkamsárása, þ.e. brot er varða við 217. gr. alm. hgl. og innbrot þar sem 47% kæra eru vegna einstaklinga 24 ára og yngri. Vegna alvarlegri líkamsárása, þeirra er varða við 218. gr. alm. hgl., eru gerendur nánast jafn margir í flokki 15-19 ára og 20-24 ára. Athygli vekur að þessir tveir flokkar mynda saman yfir helming allra kæra vegna meiri háttar líkamsárása árið 2008. Nákvæmlega sömu sögu er að segja um bæði minni háttar og meiri háttar eignaspjöll, og alvarlegar líkamsárásir. Kærur vegna þessara brota eru vegna einstaklinga 24 ára og yngri í yfir helmingi tilfella. Þegar um kærur vegna nytjastuldar vélknúinna ökutækja er að ræða, eru unglingar í lang stærstum flokki. Öðru máli gegnir hins vegar þegar kærur vegna kynferðisbrota eru skoðaðar. Þar eru karlar 96% gerenda, en enginn marktækur munur er milli aldursflokka. Unglingar 15-19 ára eru eftir sem áður stærsti aldursflokkur gerenda, en þeir eru einungis fimm fleiri en gerendur í aldursflokknum 45-49

¹² Ríkislögreglustjórnin: Afbrot ungmenna árið 2008, greint eftir tegundum afbrota.

ára, sem eru 30 talsins. Alls voru kærð til lögreglu 241 kynferðisbrot árið 2008 og í öllum aldursflokkum voru kærur á bilinu 16-35, nema í flokki barna yngri en 15 ára þar sem einungis tveir voru kærðir.¹³

2.2 Almenn refsiskilyrði

Um almenn refsiskilyrði er fjallað í II. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt 14. gr. þessara laga verður manni ekki refsað fyrir verknað sem hann framdi áður en hann varð 15 ára gamall. Komi til kasta lögreglunnar mál sem varða ósakhæf börn eru þau send barnaverndaryfirvöldum til frekari úrlausnar.

Andlegt heilbrigði er umfjöllunarefni greina 15, 16 og 17. Mönnum verður ekki refsað teljist þeir geðveikir, þjáist þeir af andlegum vanþroska eða hrörnun, séu þeir rænuskertir eða vegna annars samskonar ástands sem gerir menn ófæra um að stjórna gerðum sínum á þeim tíma sem þeir frömdu afbrot sín (15. gr.). Leiði af læknisumsögn að refsing geti borið árangur í máli manns andlega miður sín, eins og gert hefur verið grein fyrir, skal hann sæta refsingu sé ástand hans ekki á eins háu stigi og 15. gr. laganna getur (16. gr.). Refsingu skal beitt sé brot framið í öläði eða undir áhrifum annarra nautnalyfja. Undantekning frá því getur þó orðið ef telja má að um fullkomið rænuleysi hafi verið að ræða (17. gr.).

18. gr. alm. hgl. greinir skýrt frá því að „[v]erknaður, sem refsing er lögð við í lögum þessum, er ekki saknæmur, nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi.“ Fyrir gáleysisbrot verður aðeins refsað sé fyrir því sérstök heimild í lögum. Af þessu má leiða að til að afbrot sé refsivert verður að liggja fyrir skýr ásetningur brotamanns. Gáleysi getur orðið refsihæft séu ákveðin skilyrði uppfyllt fyrir því og skýr heimild í lögum sé til að refsa fyrir gáleysisbrot af einhverju tagi. Tilraun til glæps er aðeins refsinnæm hafi brotamaður sýnt ótvíræðan ásetning í verki sem miðar að, eða er ætlað að miða að, framkvæmd brots. Fyrir tilraun til afbrots má þó dæma vægari refsingu en mælt er fyrir um fullframin brot, með nánar tilgreindum skilyrðum í III. kafla almennra hegningarlaga.

2.2.1 Sakhæfi

Eins og fram hefur komið er sakhæfisaldur 15 ár¹⁴ og er það sami aldur og hin Norðurlöndin hafa viðurkennt og notast við. Reglan um 15 ára sakhæfisaldur er almenn og tekur ekki mið af þroska einstaklinga.¹⁵ Þó verður að hafa í huga þær takmarkanir sem gilda um sakhæfi

¹³ Ríkislögreglustjórnin: Afbrot ungmenna árið 2008, greint eftir tegundum afbrota.

¹⁴ Lög nr. 19/1940, 14. gr.

¹⁵ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 14.

almennt, eins og rakið var hér að ofan. Með sakhæfi er átt við að einstaklingur er ábyrgur gerða sinna og hægt er að dæma hann til refsingar brjóti hann gegn refsilögum. Með sakhæfi verður einstaklingur ekki einungis dæmdur til fangelsisvistar heldur getur hann einnig verið dæmdur til greiðslu sekta. Um greiðslu sekta gilda engin aldurstakmörk, þ.e. barn getur verið dæmt til greiðslu sekta jafnvel þó það verði ekki fjárráða fyrr en 18 ára.¹⁶ Leiðir þetta af því að greiðsla sekta er refsing í skilningi almennra hegningarlaga¹⁷ og breytir þá engu hvort einstaklingur sé fjárráða samkvæmt lögræðislögum nr. 71/1997¹⁸, þar sem hann verður sakhæfur 15 ára.

2.3 Málsmeðferð sakamála

2.3.1 Lögin

Um meðferð sakamála fjallar að öllu leyti í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, en það eru ný lög sem tóku gildi 1. janúar 2009 og leystu af hólmi lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Hin nýju lög eru töluvert breytt frá því sem var í gömlu lögunum, en þau fjalla þó að meginstefnunni til um það sama. Töluverðar viðbætur eru í nýju lögunum og meðal hinna stærri breytinga er t.d. að nýtt embætti héraðssaksóknara er sett á stofn. Skyldi héraðs-saksóknari taka til starfa 1. janúar 2010, en tímenn frá því lögin tóku gildi og þar til embættið yrði virkt, skyldi nýta sem undirbúningstímabil og ráðningu í embætti héraðssaksóknara sjálfs sem og störf er fylgja honum. Embætti þetta hefur ekki enn tekið til starfa, en stefnt er að því að héraðssaksóknari taki til starfa 1. janúar 2012 miðað við núgildandi breytingarlög á sakamálalögnum.¹⁹

Almenn hegningarlög nr. 19/1940 og lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005 standa við hlið laga um meðferð sakamála nr. 80/2008 þegar meðferð sakamála og refsing við refsihæfu athæfi er ákveðin. Lög um meðferð sakamála taka til formlegu hliðar sakamálanna; útlistar ákærvaldið, dómsvaldið, dómstólana og aðila máls svo eitthvað sé nefnt. Sem og þau setja reglur um rannsókn mála, sönnunarbyrði og sönnunargögn, reglur um saksókn og meðferð mála fyrir héraðsdómi, sem og endurupptöku mála. Almennu hegningarlögin eru þau lög sem skipa fyrir um hvaða athæfi séu refsiverð, hver refsingin við brotunum skuli vera og hvernig refsiramminn fyrir hvert brot sé. Lögin byrja á að setja fyrir almenn refsiskilyrði, setja reglur um tilraun til brots og hlutdeildar í broti, segir í stuttu máli frá einkarefsimálum og kemur svo

¹⁶ Umboðsmaður barna: Afbrot.

¹⁷ Lög nr. 19/1940, 1. mgr. 31. gr.

¹⁸ Lög nr. 71/1997, 1. mgr. 1. gr.

¹⁹ Lög nr. 123/2009, 1. gr.

að refsingunum sjálfum. Um skilorðsbundna dóma er fjallað í sérstökum kafla í lögnum og munu þeir verða teknir sérstaklega fyrir hér að neðan. Atriði er hafa áhrif á refsihæðina eru útlustuð í sérstökum kafla í lögnum og munu þessi atriði eðlilega vera höfð mikið til hliðsjónar við skoðun refsinga ungmenna. Átján kaflar fjalla um hinar sérstöku tegundir brota og hvaða refsingar liggja við þeim. Lög um fullnustu refsinga stendur við hlið almennu hegningarlaganna og setja reglur, eins og nafnið gefur til kynna, um hvernig refsingum skuli fullnægt. Lögin taka einnig til stjórnskipunar fangelsismála, réttinda og skyldna fanga, leit á þeim og í klefum þeirra, sem og agabrot innan fangelsa og viðurlög við þeim.

2.3.2 Málsmeðferð sakamála ungra afbrotamanna

Sérstakar reglur má finna varðandi meðferð sakamála ungmenna þar sem taka ber sérstakt tillit til aldurs sakbornings þegar meðferð og refsing er ákveðin. Sem dæmi um þessar reglur eru barnaverndarlögin sem taka til allra barna upp að 18 ára aldri, bæði sakhæfum og ósakhæfum. Miða barnaverndarlögin að því að gæta að því sem barninu er fyrir bestu. Liður í því er t.d. að halda börnum og ungmennum utan fangelsa, en barnaverndarlögin miða frekar að því að senda unga afbrotamenn til vistunar á meðferðarheimilum ríkisins, heldur en að láta þau afplána fangelsisrefsingu innan um fullorðna afbrotamenn í fangelsum.

Sem dæmi um þær sérreglur sem gilda um meðferð sakamála ungmenna má nefna að ef dæma á barn í gæsluvarðhald, verður það fyrst og fremst að vera sakhæft, þ.e. það verður að hafa náð 15 ára aldri. Í öðru lagi skulu stjórnvöld alltaf taka tillit til barnsins og haga aðgerðum sínum þannig að hagsmunir barnsins séu ætíð hafðir efst í huga. Á árunum 2007-2009 voru 110 einstaklingar á aldrinum 15-21 árs dæmdir í gæsluvarðhald í samtals 123 úrskurðum, en það er þriðjungur allra sem dæmdir voru til gæsluvarðhaldsvistar á þessum tíma. Flestir voru dæmdir í gæsluvarðhald vegna þjófnaðar, skjalafals og fjársvika. Meðaltími gæsluvarðhaldsvistar ungmenna á aldrinum 15-21 árs var 35 dagar, en gæsluvarðhaldið varaði allt frá 1 degi til 307 daga.²⁰

Barn yngra en 18 ára á rétt á því að réttarhöld yfir því fari fram fyrir luktum dyrum, þ.e. að engum öðrum en þeim sem málið varðar sé leyft að vera viðstaddir í dómsalnum þegar réttarhöldin fara fram. Ungur aldur brotamanna er í ýmsum lagaákvæðum nefndur sem ástæða til að taka vægar á málum þeirra en annarra. Þar má helst nefna ákvæði um skilorðsbundna frestun ákæru sem oft er notast við í málum ungra brotamanna. Í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 eru ákvæði sem leyfa frestun útgáfu ákæru, frestun ákvörðunar refsingar og

²⁰ Fangelsismálastofnun ríkisins: Eftirlit með ungmennum.

frestun fullnustu refsingar gegn almennu skilorði í ákveðinn tíma og eru þessi ákvæði mikið notuð í málum ungmenna sem leiðast út af beinu brautinni.²¹

Þegar lögregla fær mál til meðferðar þar sem grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn af barni, skal hún tilkynna það barnaverndarnefnd. Barnaverndarnefnd skal vera gefinn kostur á að fylgjast með rannsókn málsins, jafnframt sem tilkynningarskylda hvílir bæði á barnaverndarnefnd og lögreglu að tilkynna foreldrum barns um málið mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.²² IV. kafli barnaverndarlaga fjallar um tilkynningarskyldu við barnaverndaryfirvöld, en eins og fram hefur komið er lögreglu skv. 18. gr. skylt að tilkynna um ef hún kemst á snoðir um að barn búi við ósæmileg skilyrði. Hið sama gildir um þá sem hafa almennt afskipti af börnum, s.s. starfsfólk leikskóla, dagforeldra, kennara, presta, lækna og svo framvegis svo sem getur í 17. gr. laganna. Þar að auki er hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.²³ Því má segja að eftirlit með börnum, högum þeirra og hegðun, hvíli á samfélaginu almennt. Tilkynningarskyldan er einnig mikilvægur þáttur í meðferð sakamála á hendur börnum, þar sem börn og aðstandendur þeirra veigra sér oft við að tilkynna um slíkt sjálf.

2.4 Ákvörðun refsingar og refsihæð

Þegar dómara ákveða refsingar brotamanna eru þeir að öllu leyti bundnir við lög og þann refsiramma sem löggin kveða á um. Í almennum hegningarlögum er almennur refsirammur gefinn upp fyrir hverja tegund af broti, en mörg ákvæði snúa að ástæðum eða aðstæðum sem leitt geta til þyngingar eða mildunar refsingar. Sem dæmi má nefna að aldur er mikilvægur þáttur í ákvörðun refsihæðar, þar sem 4. tl. 1. mgr. 70. gr. alm. hgl. mælir fyrir um að taka skuli til greina aldur þess sem að verkinu er valdur og leiðir ungur aldur þannig til vægari refsingar en ella. Málefnalegar ástæður geta verið fyrir því að refsing sem lögð er fyrir broti sé færð niður úr því lágmarki sem ákveðið er skv. almennum refsiramma í lögnum. Sem dæmi um þetta er 2. tl. 1. mgr. 74. gr. alm. hgl. sem kveður á um að „[þ]egar brot er drýgt af manni, sem þá er ekki fullra 18 ára að aldri, og álíta má vegna æsku hans, að full refsing sé ónaúðsynleg eða skaðleg“²⁴. Undir þessum tölulið er þess einnig getið að aldrei má dæma mann í þessum aldursflokki í þyngri hegningu fyrir brot en 8 ára fangelsi. Hámarks hegning sem barn undir 18 ára aldri getur því hlotið er 8 ára fangelsisvist. Sem dæmi um barn undir 18 ára aldri

²¹ Umboðsmaður barna: Afbrot.

²² Lög nr. 80/2002, 1. mgr. 18. gr.

²³ Lög nr. 80/2002, 1. mgr. 16. gr.

²⁴ Lög nr. 19/1940, 2. tl. 1. mgr. 74. gr.

sem Hæstiréttur hefur dæmt til fullrar refsingar, er í máli H. 1978:325. Þar var unglingur dæmdur til 8 ára fangelsisvistar fyrir manndráp, en eins og segir í dómnum var „eigi heimilt að dæma honum þyngri refsingu en 8 ára fangelsi, þar eð hann var undir 18 ára aldri er hann framdi brot sín“.²⁵ Einnig er dæmi um að Hæstiréttur hafi mildað refsingu niður úr lágmarki vegna aldurs ákærða, en það var í máli H. 1987:700, þar sem 15 ára unglingur varð manni að bana. Unglingurinn var dæmdur til 4 ára skilorðsbundinnar refsingar, sem var staðfesting á dómi héraðsdóms.²⁶

Hámarks hegning samkvæmt almennum hegningarlögum er ævilangt fangelsi, en Hæstiréttur hefur hingað til aldrei dæmt mann í ævilangt fangelsi hér á landi.²⁷ Héraðsdómur hefur tvisvar sinnum dæmt mann til ævilangrar fangelsisvistar, en í báðum tilvikum mildaði Hæstiréttur dómana og gerði þá tímabundna.²⁸ 1. mgr. 34. gr. alm. hgl. kveður á um að í fangelsi megi dæma einstaklinga ævilangt, eða um tiltekinn tíma. Fangelsisvist skal þó almennt ekki vera skemmri en 30 dagar og ekki lengri en 16 ár. Leyfilegt er skv. 1. mgr. 79. gr. alm. hgl. að dæma einstaklinga í allt að 20 ára fangelsi þegar lög heimila aukna refsingu við broti skv. VIII. kafla laganna og skulu þá þau takmörk sem sett eru, eins og áður kom að, í 34. gr. laganna ekki vera því til fyrirstöðu að refsiramminn sé víkkaður út til 20 ára fangelsisvistar. Hefur Hæstiréttur í nokkrum tilvikum nýtt þau refsimörk. Sem dæmi um það er dómur Hæstaréttar, H. 1980:89, þar sem tveir af ákærðu voru dæmdir til ævilangrar fangelsisvistar í héraði fyrir að bana tveimur mönnum, en Hæstiréttur mildaði þær refsingar niður í 16 og 17 ára fangelsisvist.²⁹ Annað dæmi er um að Hæstiréttur hafi mildað dóm héraðsdómstóls úr ævilöngu fangelsi, en það var í máli H. 1994:514, þar sem ákærði braut skilorð með því að verða öðru sinni manni að bana. Dæmdi Hæstiréttur ákærða til að sæta fangelsi í 20 ár.³⁰ Þriðja sambærilega dæmið frá Hæstarétti er mál H. 1991:1199, þar sem öðrum ákærðu var gert að sæta fangelsi í 17 ár og hinum í 16 ár, fyrir að bana starfsmanni á bensínstöð, en héraðsdómur hafði dæmt ákærðu til 20 og 18 ára fangelsisvistar.³¹

2.4.1 Máli lokið án ákæru

Nokkrar leiðir eru til þess fallnar að máli skuli lokið án ákæru. Má þar nefna að skv. 29. gr. stjórnarskrárinnar getur forseti ákveðið að saksókn skuli niður falla ef ríkar ástæður eru til.

²⁵ Dómur Hæstaréttar nr. 9/1977.

²⁶ Dómur Hæstaréttar nr. 62/1987.

²⁷ Vísindavefurinn: Er hægt að dæma fjöldamörðingja á Íslandi í lengra en 16 ára fangelsi?

²⁸ Sbr. dóma Hæstaréttar nr. 214/1978 og nr. 461/1993.

²⁹ Dómur Hæstaréttar nr. 214/1978.

³⁰ Dómur Hæstaréttar nr. 461/1993.

³¹ Dómur Hæstaréttar nr. 25/1991.

Hann getur einnig náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka.³² Fræðimenn hafa verið gjarnir til að álykta að ákvæði þetta skuli einkum notað þegar afbrotamaður er af ungum aldri. Forsetinn grípur þó sjaldan til þess að falla frá saksókn svo sem ákvæðið gefur honum rétt til.³³ Skv. 1. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála getur ákærvaldið fellt niður saksókn ef sakborningur gengst undir, eða honum eru ákveðin viðurlög skv. XXIII. kafla laganna. Skv. 2. mgr. þessarar greinar má falla frá saksókn með því að fresta ákæru skilorðsbundið skv. almennum hegningarlögum, en frekar verður vikið að þessu ákvæði síðar. Skv. 3. mgr. sömu greinar má enn fremur falla frá saksókn þegar ákveðin skilyrði eru uppfyllt, svo sem talin eru til í fjórum liðum. 1) Sé brot smávægilegt eða fyrirsjáanlegt er að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má vegna brotsins getur ákærvaldið fallið frá saksókn. 2) Hafi sakborningur og brotþoli komist að samkomulagi og sakborningur efnt það fyrir sitt leyti, fellur ákærvaldið frá saksókn³⁴ 3) Virðist sakborningur vera ósakhæfur og ekki telst nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum, getur ákærvaldið ákveðið að falla frá saksókn. 4) Ákærvaldið hefur að síðustu rétt til að falla frá saksókn ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulega miklum þjáningum, eða ef aðrar sérstakar ástæður mæla með því að fallið sé frá saksókn. Til að ákvæðum þessum verði beitt þarf að vera skýrt að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

Niðurfelling saksóknar er ekki eina leiðin til að ljúka máli án ákæru. XXIII. kafli sakamálalaganna fjallar um lok máls án ákæru og skal nú litið á hvaða úrræði hann hefur að geyma. Samkvæmt þessum kafla laganna er lögreglustjóra heimilt að ljúka málum með sektarboðum. 1. mgr. 148. gr. laganna kveður á um að telji lögregla að hæfileg viðurlög við broti sé einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr tiltekinni fjárhæð getur lögregla sjálf ákveðið viðurlög við broti og sent út sektarboð í nafni lögreglustjóra. Sé sektarboði lögreglustjóra ekki sinnt getur hann farið fram á fjárnám eða gert brotamanni að afplána vararefsingu. Standi lögregla mann að broti eða lögreglustjóra berst með öðrum hætti kæra á hendur manni getur lögregla svipt hann réttindum eða látið hann sæta upptöku eigna.³⁵ Telji lögreglustjóri að hæfileg viðurlög við broti sé sekt, en brotamaður sinnir ekki sektarboðinu, getur lögreglustjóri ákveðið að saksókn eftir almennum reglum skuli höfðuð.³⁶ 1. mgr. 151. gr. sml. kveður á um að dómsmálaráðherra skuli ákveða í reglugerð, sem hann setur að fenginni tillögu ríkis-saksóknara, þau viðurlög (þar með talið hámark sekta) sem lögregla getur ákveðið vegna

³² Lög nr. 33/1944, 29. gr.

³³ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um unga afbrotamenn, bls. 2-3.

³⁴ Þetta ákvæði kom nýtt inn í lög nr. 88/2008, og var sett sérstaklega með tilliti til sáttamiðlunar.

³⁵ Lög nr. 88/2008, 1. mgr. 149. gr.

³⁶ Lög nr. 88/2008, 2. mgr. 150. gr.

brotá skv. 1. mgr. 148. gr. sml. Enn fremur setur reglugerðin hámark sekta sem lögreglustjóri getur ákveðið vegna brota skv. 1. mgr. 149. gr. sml.³⁷

2.4.2 Skilorðsbundnir dómur

VI. kafli almennra hegningarlaga fjallar um skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma, svo þessi hluti ritgerðarinnar mun styðjast við þann hluta laganna að mestu leyti. 56. gr. gefur ákæranda heimild til að fresta um tiltekinn tíma ákæru til refsingar ef annar af tveimur tölulíðum 1. mgr. á við, þ.e. fresta má ákæru vegna brota sem unglíngur á aldrinum 15-21 árs hefur framið, eða þegar högum sakborninga er þannig háttað að umsjón eða aðrar ráðstafanir skv. 3. mgr. 57. gr. teljist vænlegri til árangurs en refsing, enda krefjist almannahagsmunir ekki saksóknar. Af þessari grein er því ljóst að skilorðsbundin frestun ákæru er að meginhluta til ætluð ungum afbrotamönnum. Enda verður að telja að í langflestum tilfellum séu afbrotamenn á þessum aldri að leiðast út á ranga braut í fyrsta sinn, og uppfylli því skilyrði fyrir skilorðsbundinni frestun. Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1987 var til að mynda 15 ára gerandi í manndrápsmáli dæmdur til 4 ára fangelsisvistar, en fullnustu refsingarinnar var frestað, svo dómurinn var skilorðsbundinn í 4 ár. Hæstiréttur staðfesti þarna dóm héraðsdóms, en málsbætur ákærða voru einkum ungur aldur hans, en einnig sjúkdómur hans og niðurbældar tilfinningar hans í garð sjúkdómsins.³⁸ 57. gr. fjallar um margt það sama og greinin á undan, en bætur því við í 1. mgr. að ákveða megi í dómi að fresta skuli annað hvort ákvörðun um refsingu eða fullnustu refsingar. 3. mgr. setur aðila skilyrði um að hann gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum, en telur jafnframt í sex tölulíðum valkvæð skilyrði sem setja má aðila. Dómari getur ákveðið skv. þessari málsgrein að aðili: 1) skuli sæta umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar, 2) hlíti fyrir mælum umsjónarmanns um dvalarstaði, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómsunda, 3) neyti á skilorðstímanum hvorki áfengis né deyfilyfja, 4) gangist undir dvöl á hæli um tiltekinn tíma, 5) þoli takmarkanir á umráðum yfir tekjum sínum eða öðru sem fjárhag hans varðar, og 6) greiði fébætur fyrir tjón sem hann hefur valdið með broti sínu.

Fangelsismálastofnun ríkisins annast eftirlit með dómþolum þegar ákæru hefur verið frestað, eða felur það öðrum sbr. 1. mgr. 66. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005. Stofnunin annast fullnustu skilorðsbundinna (og óskilorðsbundinna) refsinga samkvæmt dómum og eftirlit þegar sakborningar hafa fengið náðun.³⁹ Þegar ákæru er frestað fer

³⁷ Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið: Reglugerð um lögreglustjórásáttir, nr. 205/2009.

³⁸ Dómur Hæstaréttar nr. 62/1987.

³⁹ Lög nr. 49/2005, 1. mgr. 66. gr.

Fangelsismálastofnun, eða aðili á hennar vegum, með eftirlit með sakborningi. Algengast er að eftirlitið felist í því að sá sem er undir ákærufrestun sé skylt að hafa samband við stofnunina með reglulegu millibili, en einnig fylgist stofnunin reglubundið með því hvort viðkomandi sé kærður á reynslutímanum.⁴⁰ Þegar um ungmenni er að ræða, og ákæru hefur verið frestað gagnvart því, sætir það nokkuð nákvæmu eftirliti – en það fer þó eftir hverju máli fyrir sig. Ungmenni er boðað í viðtal ásamt forráðamanni og þeim kynnt ákærufrestunin og persónuskýrsla tekin af ungmenninu. Ungmenni er alltaf boðað í annað viðtal, án forráðamanns, en þá er unnið að því að byggja upp traust á milli einstaklingsins og fulltrúa stofnunarinnar. Fulltrúinn vinnur þá að því að fá greinargóða mynd af félagslegri stöðu og líðan einstaklingsins. Í framhaldi af því er metið hvernig eftirliti og stuðningi við einstaklinginn skuli háttað. Ungmenni getur verið gert að mæta reglulega í viðtöl hjá stofnuninni, eða hann fær aðstoð við að leita annað, en í öðrum tilvikum er látið nægja að einstaklingurinn láti mánaðarlega vita af sér símleiðis. Sama gildir um ungmenni og aðra, að stofnunin fylgist alltaf reglubundið með því hvort viðkomandi komist í kast við lög, eða lögreglu, á skilorðstímanum.⁴¹ Hafi einstaklingur verið dæmdur skilorðsbundið, þ.e. fengið frestun fullnustu refsingar, er eftirliti með honum háttað á nákvæmlega sama hátt og þeim sem hafa fengið frestun ákæru. Hins vegar má nefna að hér til viðbótar kemur eftirlit með þeim sérskilyrðum sem dómþola hefur verið sett, hafi honum verið sett sérskilyrði skv. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá er Fangelsismálastofnun leyfilegt að krefjast þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn, þyki ástæða til að ætla að hann hafi brotið gegn sérskilyrðum skilorðsins.⁴² Megináherslan í skilorðseftirliti stofnunarinnar er, eins og sjá má af umfjölluninni, fyrst og fremst að veita þeim aðhald og stuðning sem á því þurfa að halda. Fangelsismálastofnun leiðbeinir dómþolum áfram til þeirra stofnanna samfélagsins sem hafa það hlutverk að veita heilbrigðis- og félagslega þjónustu.⁴³ Ítarlegt mat sem gert er í upphafsviðtali við hvern og einn dómþola er til þess fallið að Fangelsismálastofnun geti leiðbeint þeim í rétta átt. Hvað varðar ungmenni sérstaklega, er mikilvægt að vel sé að verki staðið þegar þýðing ákærufrestunar er skýrð fyrir þeim. Þau verða að átta sig á að skilorðsbundinn dómur er ekki eingöngu til þess fallinn að refsa þeim, heldur sé verið að veita þeim tækifæri til að bæta ráð sitt. Þessi vitneskja ungmenna er talin veita þeim nauðsynlegt aðhald til að halda skilorðið.⁴⁴

⁴⁰ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um unga afbrotamenn, bls. 11. Hið sama gildir um frestun fullnustu refsingar.

⁴¹ Fangelsismálastofnun ríkisins: Ársskýrsla 2001, bls. 47.

⁴² Lög nr. 49/2005, 4. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 68. gr.

⁴³ Fangelsismálastofnun ríkisins: Ársskýrsla 2001, bls. 50.

⁴⁴ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 16.

Á árinu 2008 voru ákvarðaðar 45 ákærufrestanir, en flestar vörðuðu auðgunarbrot.⁴⁵ Eins og áður hefur verið komið að, er notast við ákærufrestun nánast eingöngu þegar mál varða einstaklinga á aldrinum 15-21 árs.

56. og 57. gr. alm. hgl. fjalla eins og sjá má um skilyrði þess að sakborningi verði veitt frestun ákæru eða frestun fullnustu refsingar, 59. og 60. gr. fjalla aftur á mót um skilorðsrof og lögreglurannsókn gegn manni fyrir lok skilorðstíma. Skv. 1. mgr. 59. gr. getur ákærandi krafist þess að dómari taki málið fyrir að nýju hafi aðili rofið í verulegum atriðum þau skilyrði eða fyrirsmæli sem honum hafa verið sett. Viðurkenni aðili ekki skilorðsrof, getur hann krafist úrskurðar dómara um það efni skv. 2. mgr. sömu greinar. Dómara er frjálst að ákveða með úrskurði að frestun skuli haldast þrátt fyrir að skilorð hafi verið rofið, en getur þó breytt skilyrðum eða lengd skilorðsins.⁴⁶ Skv. 59. gr. hefur dómari töluvert frjálstræði til að ákvarða framhald frestunar eða taka hana fyrir og dæma til (fullnustu) refsingar. Við skilorðsrof er það því algjörlega á dómans valdi að ákvarða framhaldið og kemur þá til venjulegrar málsmeðferðar þar sem ákærandi og sakborningur fara fram á sitt, en eftirláta dómaranum úrlausn.⁴⁷ Skv. 60. gr. er dómstólum heimilt að dæma refsingu sérstaklega fyrir brot sem aðili hefur framið á skilorðstíma, en það kemur einkum til greina þegar seinna brotið hefur ekki verið framið af ásettu ráði eða varðar aðeins sektum. Þá kemur til sérstök refsing fyrir það brot, algjörlega óháð skilorðinu sem aðilinn þegar lýtur. Falli hið nýja brot ekki undir það er áður sagði, þ.e. ef það var framið af ásettu ráði eða varðar þyngri refsingu en sektum, þá tekur dómari bæði málin til meðferðar og dæmir þau í einu lagi – þann dóm er þó leyfilegt að hafa skilorðsbundinn.

2.4.3 Samfélagsþjónusta

Samfélagsþjónusta stendur almennt þeim til boða sem dæmdir hafa verið til óskilorðsbundinnar refsingar í allt að 6 mánuði. Einnig getur komið til að þeir sem dæmdir hafa verið til blandaðrar refsingar, þ.e. hluti skilorðsbundinn og hluti óskilorðsbundinn, fái að sinna samfélagsþjónustu – en það er ávallt því skilyrði háð að samanlögð refsing fari ekki yfir 6 mánuði. Fangelsismálastofnun tekur ákvarðanir um hvort dómþolar eigi þess kost að afplána refsingu sína með samfélagsþjónustu í stað fangelsisvistar. Hver og einn dómþoli sem óskar eftir að vinna samfélagsþjónustu í stað þess að afplána refsingu sína í fangelsi, þarf að sækja sérstaklega um það hjá Fangelsismálastofnun. Stofnunin kannar persónulega hagi

⁴⁵ Ríkissaksóknari: Ársskýrsla 2008, bls. 12.

⁴⁶ Lög nr. 19/1940, 3. mgr. 59. gr.

⁴⁷ Lög nr. 19/1940, 3., 4. og 5. mgr. 59. gr.

umsækjenda, og metur í framhaldi af því hvort umsækjandi sé talinn líklegur til að geta innt samfélagsþjónustu af hendi, og hvaða störf komi þá til greina. Samfélagsþjónusta felur í sér að dómþoli vinnur tímabundið ólaunað starf í þágu samfélagsins, þá er oftast um að ræða líknar- eða félagsstarf hjá opinberum stofnunum. Starf í samfélagsþjónustu hefur „uppeldislegt gildi fyrir brotaman og nýtist samfélaginu“⁴⁸. Oftast er um að ræða störf við þrif, viðhald, umönnun og skrifstofustörf – allt eftir því hvaða störf eru laus á hverjum tíma og hvað telst hæfa umsækjanda. Starfið er unnið utan vinnutíma dómþola, þannig að hann getur stundað atvinnu sína eða nám meðan á samfélagsþjónustunni stendur.⁴⁹ Þá telst það einnig til stórs kostar samfélagsþjónustunnar að dómþoli getur einnig haldið sambandi við fjölskyldu og vini á meðan hann afplánar refsinguna. Dómþoli er því virkur þjóðfélagsþegn meðan á samfélagsþjónustunni stendur, ólíkt því sem hann væri ef hann afplánaði refsingu sína í fangelsi. Rjúfi dómþoli í samfélagsþjónustu þau skilyrði sem honum hafa verið sett, „t.d. með því að sinna ekki vinnuskyldu sinni, vegna óreglu eða ef hann er kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað“⁵⁰, getur það varðað því að hann verði látinn afplána eftirstöðvar refsingarinnar í fangelsi.

Á árunum 2007-2009 voru 16 ungmenni á aldrinum 15-21 árs sem inntu samfélagsþjónustu af hendi í stað óskilorðsbundinnar fangelsisvistar. Voru það tæp 7% allra sem inntu samfélagsþjónustu af hendi á þessu tímabili. 58 einstaklingar á sama aldri inntu af hendi samfélagsþjónustu í stað vararefsingar og voru það rúm 12% allra aldursflokka.⁵¹

⁴⁸ Fangelsismálastofnun ríkisins: Samfélagsþjónusta.

⁴⁹ Fangelsismálastofnun ríkisins: Samfélagsþjónusta í stað fangelsisrefsingar.

⁵⁰ Fangelsismálastofnun ríkisins: Samfélagsþjónusta í stað fangelsisrefsingar.

⁵¹ Fangelsismálastofnun ríkisins: Meðferð ungra sakamanna á aldrinum 15-21 árs undir eftirliti.

3. Sáttamiðlun

3.1 Uppbyggileg réttvísi

Sáttamiðlun er sú aðferð sem mest er beitt í notkun á hugmyndafræði sem kallast uppbyggileg réttvísi. Að baki þessarar hugmyndafræði liggur sú hugmynd að brotamaður og brotþoli leitist við að ná sáttum um þau rangindi sem brotamaður hefur haft í garð brotþola.⁵² Hugmyndafræðin kallast uppbyggileg réttvísi vegna þess að tilgangur hennar er ekki einungis að málsaðilar komist að samkomulagi um málalok, heldur einnig að brotamaðurinn komist í skilning um að það sem hann hefur viðhafst er rangt og hefur afleiðingar bæði fyrir hann og brotþola. Megin tilgangurinn með því að leiða brotamann og brotþola saman eru þó fyrst og fremst sá að þeir nái að friðmælast og nái sáttum um málalok.⁵³

„Hugmyndafræðin byggir á því að deiluaðilar séu sérfræðingar um málið. Þeir þekki best allar forsendur þess, væntingar (orðaðar og óorðaðar) sem lágu til grundvallar þeim aðstæðum sem nú er deilt um. Deiluaðilar sjálfir séu því best til þess fallnir að leysa ágreining sinn út frá þörfum sínum og hagsmunum með aðstoð og leiðsögn hlutlauss sáttamanns, sem hefur menntað sig og sérhæft til slíkra starfa og tileinkað sér aðferðafræði sáttamiðlunar.“⁵⁴

Grunnhugmynd sáttamiðlunar er því sú að deiluaðilarnir eru sérfræðingar um sinn ágreining og allar þær aðstæður sem kunna að tengjast honum. Því eru aðilarnir sjálfir best til þess fallnir að finna í sameiningu lausn sem allir aðilar málsins geti unað og sætt sig við.⁵⁵ Þau lönd sem standa framarlega í notkun á uppbyggilegri réttvísi eru m.a. Bandaríkin, Nýja-Sjáland og Ástralía, en Norðurlöndin hafa einnig nýtt sér sáttamiðlun byggða á uppbyggilegri réttvísi⁵⁶, eins og vikið verður betur að síðar. Hafa ber þó í huga að framkvæmd sáttamiðlunar og skilgreining uppbyggilegrar réttvísi er misjöfn á milli þeirra landa sem notast við hana. Uppbyggileg réttvísi er ekki ný af nálinni og hefur samfélagið notast við sáttamiðlun í fleiri hundruð ár, þó ekki hafi hún alla tíð verið jafn áberandi eða virkt úrræði. Á þjóðveldisöld, áður en hinir eiginlegu dómstólar komu til sögunnar, var jafnan notast við sáttamiðlun. Hún var þó ekki með sama sniði og notast er við í dag. Á 8. og 9. áratug síðustu aldar var uppbyggileg réttvísi mikið notuð við sáttamiðlun á milli brotamanns og brotþola í Norður-Ameríku. Á þeim fundum sátu einungis brotamaðurinn, brotþolinn og sáttamaðurinn. Á 10. áratugnum tóku nýir straumar uppbyggilegrar réttvísi að streyma frá Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Í þeim fólst annað yfirbragð sáttafundanna, en nú fengu fleiri en málsaðilar að sitja

⁵² Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Sáttamiðlun í opinberum málum.

⁵³ Lögreglan: Sáttamiðlun.

⁵⁴ Ingibjörg Bjarnardóttir: Sáttamiðlun í einkamálum, bls. 34.

⁵⁵ Ingibjörg Bjarnardóttir: Sáttamiðlun í einkamálum, bls. 36.

⁵⁶ Hafsteinn G. Hafsteinsson: Uppbyggileg réttvísi á Íslandi, bls. 2.

fundina, þ.e. fyrir utan brotamann og brotþola var aðilum nú leyfilegt að taka með sér vini eða einhvern úr fjölskyldu sinni. Er þetta talið vera megin ástæða þess að lögreglumenn voru fengnir til að vera sáttamenn í stað sjálfboðaliða eins og áður hafði tíðkast.⁵⁷

3.2 Lögreglumenn sem sáttamenn

Lögreglumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun í sáttamiðlun fara með sáttameðferðina í öllum tilfellum nema þau sem snerta brot á 106. gr. almennra hegningarlaga, en um þau mál sér ríkissaksóknari. Hópur lögreglumanna hefur hlotið þjálfun til að verða sáttamenn, en hún er byggð á amerískri fyrirmynd sem kallast „*Real Justice*“. Gengur aðferðin út á það að sáttamenn fylgja fyrirfram ákveðnu handriti við sáttamiðlunina.⁵⁸ Þátttaka lögreglumanna í uppbyggilegri réttvísi er ekki ýkja gömul saga. Aðferðin var fyrst kynnt í Ástralíu árið 1992, þegar lögreglan í Wagga Wagga innleiddi þessa nýju lausn sakamála. Var það með þeim hætti að lögreglumaður bauð brotamanni, ásamt fjölskyldu og vinum, að hitta brotþolann (sem einnig mátti hafa fjölskyldu og vini meðferðis) til að ræða hugsanlegar úrlausnir viðkomandi máls.⁵⁹

Sáttamiðlun er mótað ferli og fer fram í sex stigum þar sem sáttamaður leiðir deilu-aðila í gegnum hvert stig fyrir sig.⁶⁰ Við sáttumleitun á sáttamaður hvorki að leitast við að leysa ágreining aðilanna, né koma með tillögur til lausnar, til þess hefur hann ekki vald eða heimild. Sáttamaðurinn ber aðeins ábyrgð á samkomulagsferlinu, en málsaðilar bera einir ábyrgð á efni samkomulagsins. Til að deiluaðilar geti fundið sig örugga og þorað að opna sig gagnvart hvor öðrum og sáttamanni er mikilvægt að þeir geri sér grein fyrir sínum hagsmunum og þörfum. Sáttamaðurinn á í þessu sambandi að ávinna sér traust aðila með því að vera óformlegur í framkomu, opinn og jákvæður, sýna aðilum skilning, hafa innsæi á stöðu þeirra, en einnig þarf hann að geta skapað jákvætt andrúmsloft⁶¹ á sáttafundinum svo öllum líði sem best. Að þessu sögðu er ljóst að grunnhugmyndin um sáttamanninn er sú að hann á að vera óhlutdrægur og koma fram við málsaðila af virðingu og jafnræði.⁶² Sáttamiðlun fer fram á þeim stað sem sáttamaður ákveður, en hann skal leitast við að velja stað í nærumhverfi aðila málsins. Helsti fundarstaður sáttafunda er lögreglustöð, en ef henta þykir betur geta fundir einnig farið fram á öðrum stöðum, svo sem í félagsmiðstöð, skóla, eða hjá félagsþjónustu.⁶³

⁵⁷ Hafsteinn G. Hafsteinsson: Uppbyggileg réttvísi á Íslandi, bls. 3.

⁵⁸ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Sáttamiðlun í opinberum málum.

⁵⁹ Paul McCold: Police-Facilitated Restorative Conferencing – What the data show, bls. 1.

⁶⁰ Ingibjörg Bjarnardóttir: Sáttamiðlun í hnotskurn, bls. 38.

⁶¹ Ingibjörg Bjarnardóttir: Sáttamiðlun í einkamálum, bls. 35.

⁶² Ingibjörg Bjarnardóttir: Sáttamiðlun í hnotskurn, bls. 38.

⁶³ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Sáttamiðlun í opinberum málum.

Bæði er hægt að færa rök fyrir því að lögreglumenn séu vel til þess fallnir að vera sáttamenn, og að þeir séu ekki svo vel til þess fallnir. Í fyrsta lagi er hægt að segja að þarfir þolandans séu ekki virtar og hann jafnvel beittur nauðung til að taka þátt í ferlinu. Honum gæti fundist hann vera tilneyddur í sáttameðferðina sé honum kynnt hún af lögreglumanni. Í öðru lagi gæti ungum afbrotamönnum fundist þeim ógnað af nærveru lögreglumanna, þ.e.a.s. að séu lögreglumenn sáttamenn finnst brotamönnum þeir ekki getað opnað sig jafn frjálst og óheftað⁶⁴ (jafnvel veigra sér við því að játa brot sitt) eins og ef sáttamaðurinn væri óembættisbundinn sjálfboðaliði. Efasemdaraddir hafa heyrst um það að lögreglumenn séu hæfir til að vera sáttamenn þar sem þeir geti ekki verið hlutlausir vegna starfs síns⁶⁵, en það er ansi langsótt nema þá vegna mála er varða 106. gr. alm. hgl. Paul McCold skrifar í grein sinni „*Police-Facilitated Restorative Conferencing – What the data show*“, að hann telji ekki ástæðu til að efast um getu lögreglumanna til að vera sáttamenn. Til að rökstyðja mál sitt nefnir hann helst að lögreglumenn eru best til þess fallnir að finna mál sem eru vel til þess fallin að fara í sáttamiðlun. Lögreglumenn þurfa minni undirbúningstíma þar sem starf þeirra veitir þeim nauðsynlega bakgrunnsþekkingu á réttarfarskerfinu og öðru því er líta þarf til við úrlausn mála. Í rannsókn sinni komst McCold að því að brotþolar kjósa frekar lögreglumenn en sjálfboðaliða til að stýra sáttumleitun sinni við brotamann því þeim þykja lögreglumenn hliðhollari sér en brotamönnum. Þá virðist það vera að sáttafundir sem leiddir eru af lögreglumönnum séu teknir alvarlegar og frekar litið á þá sem hluta af réttarkerfinu, heldur en þegar sjálfboðaliðar leiða fundina. Loks nefnir McCold í grein sinni að lögreglumenn séu líklegri til að ná árangri í sáttameðferð þar sem þeir geri meiri kröfur um árangur af fundunum, en einnig sé sú kunnátta og færni sem sáttamönnum er nauðsynleg það sem lögreglumenn búi nú þegar yfir vegna eðlis starfa síns.⁶⁶

3.3 Upphaf sáttameðferðar

Komi til greina að mál fari í sáttameðferð er upphaf þess með þeim hætti að ákærandi kannar hvort öllum skilyrðum fyrir sáttumleitun sé fullnægt. Þá metur ákærandi hvort málið (sakarefnið og málavextir) sé til þess fallið að vera leyst með sáttamiðlun. Sé málinu þannig háttað vísar ákærandi málinu til sáttamanns sem hefur samband við aðila málsins og kemur á sáttafundi. Sáttamaður skal ljúka meðferð málsins innan þriggja vikna frá því að hann fær það í hendur, ellegar fer það til baka í hendur ákæranda sem þá ákveður hvort ákæra skuli í málinu og hvort fara eigi með það hina hefðbundnu leið dómstólanna. Hafi sátt hins vegar tekist með

⁶⁴ Paul McCold: *Police-Facilitated Restorative Conferencing – What the data show*, bls. 5.

⁶⁵ Paul McCold: *Police-Facilitated Restorative Conferencing – What the data show*, bls. 8.

⁶⁶ Paul McCold: *Police-Facilitated Restorative Conferencing – What the data show*, bls. 7-9.

málsaðilum skal gert um það skriflegt samkomulag.⁶⁷ Brotamaður hefur ákveðinn frest til að uppfylla skilyrði samkomulagsins, en sá tími getur verið allt að þrjár mánuðir frá undirritun. Tilkynni brotapolí ekki um vanefndir innan viku frá efndatíma samkomulagsins er litið svo á að það hafi verið efnt og sáttamaður sendir þá tilkynningu þess efnis til ákæranda⁶⁸ sem lýkur málinu tafarlaust skv. b-lið, 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Hafi máli verið lokið með þessum hætti færast brotið ekki á sakaskrá gerandans.

3.4 Tilraunaverkefnið um sáttamiðlun

Sáttamiðlun byrjaði sem tilraunaverkefni hjá hinu opinbera síðla árs 2006 og stóð það verkefni yfir í tvö ár. Upphaflega var það Björn Bjarnason þáverandi dómsmálaráðherra sem skipaði nefnd til að fara yfir og fylgjast með tilraunaverkefninu Hringnum. Nefndin hafði það megin hlutverk að leggja mat á reynslu verkefnisins og kanna hvort æskilegt væri að taka upp sáttamiðlun við meðferð sakamála ungmenna. Nefndin skilaði skýrslu til dómsmálaráðherra í apríl 2004 þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að taka upp sáttamiðlun sem tilraunaúrræði til tveggja ára. Fól dómsmálaráðherra ríkissaksóknara að útfæra ýmsa þætti tilraunaverkefnisins um sáttamiðlun og byrjaði verkefnið í umdæmi lögreglunnar í Reykjavík í október 2006. Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson var ráðinn sérstakur verkefnisstjóri á vegum dómsmálaráðuneytisins til að starfa hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Átti hann að annast innleiðingu og yfirumsjón verkefnisins. Önnur nefnd var skipuð af dómsmálaráðherra í maí 2006 til að annast eftirlit með verkefninu um sáttamiðlunina. Nefndinni var einnig falið að kynna verkefnið almenningi og skila stöðuskýrslu til ráðherra þegar verkefnið væri hálfnað. Til að ljúka tilraunaverkefninu um sáttamiðlunina var nefndinni gert að skila ítarlegri úttekt á verkefninu við lok þess og meta þá hvort ástæða væri til að gera sáttárræðið að varanlegum hluta refsivörslukerfisins.⁶⁹ Nefndin hefur skilað lokaskýrslunni til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, en skýrslan er enn til vinnslu í ráðuneytinu. Þó skýrslan hafi ekki komið út opinberlega og engin lög hafi verið sett um regluverk sáttamiðlunar sem úrræði í sakamálum ungmenna, þá var sett heimild í sakamálalögin nr. 88/2008 til að falla frá saksókn hafi sakborningur og brotapolí gert með sér sátt og sakborningur efnt samkomulagið.⁷⁰

⁶⁷ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Sáttamiðlun í opinberum málum.

⁶⁸ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Eftirlitsnefnd með tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum, bls. 6.

⁶⁹ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Sáttamiðlun í opinberum málum. Í nefndinni sátu: Dís Sigurgeirsdóttir lögfræðingur, Hólmsteinn Gauti Sigurðsson lögfræðingur, Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson verkefnisstjóri tilraunaverkefnisins og Ragna Bjarnadóttir löglerður fulltrúi hjá ríkissaksóknara.

⁷⁰ Lög nr. 88/2008, b-liður, 3. mgr. 146. gr.

3.4.1 Tilraunaverkefnið Hringurinn

Verkefnið um sáttamiðlun byggir, eins og áður segir, á ákvörðun dómsmálaráðherra, og er þetta verkefni stofnað í kjölfar annars tilraunaverkefnis. Skýrsla nefndar um *tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna* varð til þess að dómsmálaráðherra hrinti af stað tilraunaverkefninu um sáttamiðlun.⁷¹ Nefndin um tilraunaverkefnið Hringinn tilgreindi sérstaklega kosti og galla sáttumleitana í sakamálum ungmenna og hafa tilgreindir kostir vafalaust haft afskaplega mikið vægi þegar ákveðið var að hrinda af stað tilraunaverkefni um sáttamiðlun á Íslandi.

3.5 Kostir og gallar sáttamiðlunar

3.5.1 Kostir

Kostir aðfararinnar eru tilgreindir í ellefu töluliðum í skýrslu nefndarinnar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna. Helstu kostir sem skýrslan greinir frá eru m.a. að þegar sátturlausn er borin saman við hina hefðbundnu dómstólaleið er lang mest áberandi hversu hagkvæm sáttamiðlunin er. Málum sem fara í sáttameðferð er lokið bæði með ódýrari og fljótvirkari hætti og þannig eiga sjálfkrafa fleiri möguleika á að fá skorið úr um deilumál sín heldur en þegar dómstólaleiðin er eina leiðin sem í boði er.⁷² Að leysa mál með sáttamiðlun er fljótvirkara og ódýrara í þeim skilningi að aðilar þurfa ekki að bíða eftir að málið þeirra sé tekið fyrir hjá dómstólum og aðilar greiða ekki hin hefðbundnu dómsgjöld og málskostnað. Niðurstöður sem fást úr málum sem lokið hefur verið með sáttum eru til þess fallnar að virka endanlegri fyrir málsaðila en niðurstöður sem fást fyrir dómum. Með samningnum sem málsaðilarnir hafa komist að samkomulagi um við lok sáttamiðlunar finna báðir aðilar fyrir ábyrgð gangvart samningnum og eru þannig t.d. almennt fúsari til að greiða fjárkröfur sem samið hefur verið um, frekar en að greiða fjárkröfur sem dómstóll hefur kveðið upp um að greiða skuli.

Hugmyndafræðin sem sáttamiðlun byggir á, þ.e. uppbyggileg réttvísi, leitast við að breyta samfélaginu til hins betra þar sem brotamenn og brotapolar geti sameinast um niðurstöðu máls og báðir aðilar verið sáttir við útkomuna. Þannig geti aðilar deilumáls lifað í sátt og samlyndi í framtíðinni í stað þess að lifa við jafnvel óútkljáðan ágreining.⁷³ Ágreiningurinn getur líka leitt til klofnings í samfélögum, jafnvel vinahóp eða fjölskyldu þar sem brotamenn og brotapolar eru nánir aðilar fyrir deilumálið. Mikilvægt er að aðilar komist að niðurstöðu

⁷¹ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Sáttamiðlun í opinberum málum.

⁷² Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 22.

⁷³ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 22.

sem báðir eru sáttir við, en það er líklegri niðurstaða með hjálp sáttamiðlunar þar sem aðilar vinna sjálfir að niðurstöðu málsins. Þegar dómstólar útkljá ágreining aðila er það oftast en ekki svo að a.m.k. annar aðilinn er ósáttur við niðurstöðu málsins.

Réttarstaða brotaþola er styrkt með beinni aðild að ákvarðanatöku um málalok og er það mjög mikilvægt fyrir þann sem orðið hefur fyrir rangindum af hálfu brotaþola. Hafi brotaþoli orðið fyrir sálrænu áfalli getur bein tjáning við brotamanninn e.t.v. flýtt fyrir bata hans. Sáttamiðlun getur þannig hjálpað brotaþola að komast yfir ótta, hræðslu og þá tilfinningalegu röskun sem gjörðir brotamanns kunna að hafa ollið. Jafnframt er samleiðing brotamanns og brotaþola líklegri til að hafa varnaðaráhrif á brotamanninn heldur en hefðbundna leiðin fyrir dómstólum og gefur sáttamiðlunin því „tækifæri á því að bregðast við brotum ungmenna á uppbyggilegan hátt þannig að þau standi frammi fyrir afleiðingum gerða sinna og axli ábyrgð á þeim“⁷⁴. Verður þetta að teljast mikill ávinningur fyrir samfélagið. Einnig er það óvæfengjanlegur kostur fyrir brotamann að lok málsins með sáttumleitun verða ekki færðar á sakaskrá. Þegar brotamaður og brotaþoli hafa gert með sér samning um málalok er líklegra að brotamaður efni samninginn ef hann telur hann fela í sér raunverulega lausn málsins, frekar en þegar dómari kveður upp dóm yfir brotamanninum.⁷⁵

Með sáttamiðlun er lögð áhersla á þroska einstaklinga til að takast á við mannleg vandamál og leysa úr þeim á árangursríkan hátt. Deiluaðilar hafa fullkomna stjórn á því hvernig tekið er á deilunni og þurfa ekki að lúta valdi annarra eins og á við um þegar dómarrar fyrir dómstólum ákveða hvernig leysa skuli úr ágreiningi. Þá eru einu aðilarnir í sáttamiðlun sem koma að málinu málsaðilar ásamt sáttamanni og e.t.v. aðstoðarmönnum málsaðila óski þeir eftir að hafa slíka við höndina. Með sáttamiðlun er þannig hugað meira og betur að einstaklingsmiðuðum þörfum málsaðila, heldur en gert væri fyrir dómstólum.

Mikið svigrúm er fengið með sáttamiðlun, bæði hvað varðar málsúrlausnina en einnig hvað varðar þau mál sem hægt er að fara með í sáttamiðlun. Í sáttamiðlun geta farið öll mál sem flokkast undir þau brot sem nánar eru útlistuð síðar og skiptir þá engu hversu stór eða lítil málin eru, þ.e. í sáttamiðlun geta farið mál er varða mikla og litla fjárhagslega hagsmuni, jafnvel þegar engir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi.⁷⁶ Mál er varða háttsemi eða samskipti manna eru einnig vel til þess fallin að fara í sáttameðferð, jafnt og mál er varða fjárhagslegar skaðabætur.

⁷⁴ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Sáttamiðlun í opinberum málum.

⁷⁵ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 23.

⁷⁶ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 22.

Helsti sveigjanleikinn í sáttamiðlun er vafalaust sá að deiluaðilar eru ekki bundnir við lög og reglur líkt og þegar mál fer fyrir dómstóla. Í sáttamiðlun geta deiluaðilar leyst úr sínum ágreiningi á þann hátt sem þeir kjósa, hvort sem það er byggt á lögum, reglum, venjum, fordæmum, eða hreinlega bara á réttlæti og jafnræði. Deiluaðilar hafa sem sagt algjörlega frjálsar hendur um val á aðferðum við sáttaumleitunina. Sálfræðilegar rannsóknir hafa sýnt að sáttameðferð fylgi minni spenna fyrir málsaðila en hefðbundin málsmeðferð fyrir dómi og sé þannig heppilegri sérstaklega í málum ungmenna og málum fullorðinna sem snerta börn og ungmenni beint eða óbeint.

Með sáttamiðlun er unnið út frá framtíðinni, en ekki fortíðinni eins og tíðkast fyrir dómstólum. Við sáttaumleitun er áhersla lögð á að ná samkomulagi um að bæta þann skaða sem skeður er, en ekki að draga fram í dagsljósið það sem gerðist, hvernig og af hverju eins og gert er fyrir dómstólum. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að deiluaðilar sem ná sáttum eru oftast ánægðari með niðurstöðu máls síns en þeir sem fara fyrir dómstóla. Þannig telja sáttaaðilar niðurstöðu sína sanngjarnari og meira í samræmi við þeirra eigin hugmyndir og skoðanir en þeir sem fá úrlausn mála sinna fyrir dómstólum. Þetta leiðir til þess að báðir aðilar líta á sig sem sigurvegara, ef svo má segja, ólíkt því sem gerist fyrir dómstólum þegar aðeins annar aðilinn vinnur málið.⁷⁷ Með sáttamiðlunaraðferðinni er einnig ákveðinn þungi tekinn af ákæru- og dómsvaldinu⁷⁸, sem leiðir óhjákvæmilega til þess að stærri og flóknari mál sem þurfa úrlausn dómstóla eiga greiðari leið inn í dómssalina, heldur en þegar mörg lítil og tiltölulega hagsmunalítill mál eru að tefja fyrir málsmeðferð hinna stærri.

3.5.2 Gallar

Fyrrgreind nefnd fjallaði einnig um helstu galla sem telja mætti til varðandi sáttamiðlunarúrræðið. Á móti kostunum sem taldir voru í ellefu töluliðum, voru gallarnir aðeins nefndir í fimm liðum. Helstu gallar sem nefndin taldi til er m.a. það að talsmenn hinnar hefðbundnu dómstólaleiðar óttast að með þessari óhefðbundnu aðferð sem sáttamiðlun er, sé vikið frá hinu formfasta regluverki dómstólanna og þannig sé verið að tefla réttaröryggi í tvísýnu. Telja andstæðingar sáttamiðlunar hana jafnvel vera andstæða jafnræðissjónarmiðum og að niðurstæða málanna kunni að endurspeglar um of persónulegar skoðanir sáttamanna.⁷⁹ Ekki getur verið sagt með vissu að með sáttamiðlun sé réttaröryggi teflt í tvísýnu, þar sem einungis lítill hluti sakamála kemur til greina sem sáttamiðlunarmál. Eingöngu lítil mál sem ekki snúa að

⁷⁷ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 22.

⁷⁸ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nýjar leiðir vegna afbrota ungmenna.

⁷⁹ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 23.

almannahagsmunum koma til sáttamiðlunar og er því ekki hægt að fullyrða að með því sé réttaröryggi borgaranna ógnað. Séu sáttamenn vel þjálfaðir og kunni starf sitt vel ætti ekki að vera hætt á því að þeirra persónulegu skoðanir endurspeglar í sáttaumleitun brotamanns og brotaþola. Eftirlit þyrfti að vera með sáttamönnum, að þeir leiði aðila ekki að ákveðnu samkomulagi frekar en öðru, þar sem niðurstaða sáttamiðlunar skal ávallt vera byggð eingöngu á ákvörðunum og viðræðum aðilanna sjálfra.

Erjur kunna að vera milli ójafnræðra aðila líkt og vinnuveitanda og launþega og eru andstæðingar sáttamiðlunar hræddir um að þar sem ójafnræði milli aðila ríki, sé sterkari aðilinn líklegri til að ná sínu fram í sáttaumleitaninni. Andstæðingarnir telja sáttamiðlun sniðna að þörfum deiluaðila með fullkomið jafnræði, en þannig sé deilumálum alls ekki alltaf háttáð. Oft eru aðilar sem ójafnræði ríkir með að deila, eins og fyrr var komið að, og telja andstæðingar að hópar sem hafa átt á brattann að sækja jafnræðislega fari varhluta af þeirri vernd og aðstoð sem aðilar njóta alla jafna fyrir dómstólum. Sterkari aðilar í sáttamiðlun hafa oft betri tækifæri og úrræði til að verða sér úti um þá vernd og þá aðstoð sem þeir þarfnast við sáttaumleitun.⁸⁰ Hafa ber hér í huga að til að mál fari í sáttameðferð þurfa báðir aðilar málsins að samþykkja að um það skuli samið. Hafi annar aðilinn áhyggjur af því að hinn aðilinn sé honum sterkari, eða sé líklegur til að troða á réttindum sínum tekur hann einfaldlega ákvörðun um að málið skuli fyrir hina hefðbundnu dómstóla og felur dómara að úrskurða um málið fyrir hönd aðilanna.

Eins og kom fram hér að framan þá geta deiluaðilar hagað niðurstöðum sínum eftir vild og gert samkomulag algjörlega óháð lögum og reglum, telji þeir það henta betur. Telja andstæðingar óhefðbundinna aðferða líkt og sáttamiðlunar, að þetta dragi úr mikilvægi opinbers valds og réttindum fólks. Fyrir dómstólum er lagareglum fylgt án undantekninga og dómstólar hafa þær í miklum heiðri. Telja andstæðingar aðferðarinnar að samkomulag utan lagarammans, líkt og hægt er að gera við sáttamiðlun, minnki virðingu fyrir lögnum og dragi úr þýðingu þeirra.⁸¹ Eigi óhefðbundin úrræði líkt og sáttamiðlun að draga úr þýðingu laga, þyrfti meirihluti mála að leysast með þessum hætti. Eins og fram hefur komið þá er sáttamiðlun takmarkað úrræði og einungis notað vegna takmarkaðra afbrota.

Einkenni flestra vestrænna ríkja í dag er hin formlega beiting laga og dómstólar sem skera úr ágreiningi þegnanna. Hins vegar var þessu ekki svo fyrir komið á öldum áður og leituðust menn þá við að skera úr ágreiningi sínum sjálfir með sáttum. Telja andstæðingar

⁸⁰ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 23.

⁸¹ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 24.

sáttamiðlunar að í þróuðum vestrænum réttarríkjum henti þessi aðferð einfaldlega ekki vegna þess að aldagamlar aðferðir verði ekki færðar yfir á nútímalegt, miðstýrt auðvaldsríki.⁸² Eins og sýnt hefur verið fram á, og á eftir að koma fram enn skýrar, er að þó sáttamiðlun sé aldagamalt fyrirbæri þá er hún fullkomlega yfirfæranleg á nútímann. Sáttamiðlun hefur verið löguð að nútímanum með nýrri hugmyndafræði sem fjallað hefur verið um hér að framan.

Loks er það talið til galla sáttamiðlunar að ágreiningsmál varða oft fleiri en deiluaðila, þ.e. þriðji aðili getur verið óbeinn aðili. Oftast er unnt að taka tillit til þriðja aðila fyrir dómstólum, en við óhefðbundna sáttagerð eru það einungis deiluaðilarnir sem mynda með sér samkomulag sem byggir aðeins á þeirra þörfum og vilja.

3.6 Regluverk sáttamiðlunar

Þó sáttamiðlun teljist til óhefðbundinnar málsmeðferðar, þá fylgja henni óhjákvæmilega ákveðnar reglur sem fara verður eftir. Einungis afbrot sem varða við tiltekin ákvæði almennra hegningarlaga eru til þess fallin að fara í sáttameðferð. Einnig var sáttamiðlun tekin upp sem úrræði fyrir ósakhæf börn og ungmenni sem brjóta af sér í fyrsta sinn. Þannig á sáttaúrræðið tilkall til mjög takmarkaðs hóps þegar kemur að sakamálum almennt.

3.6.1 Brot sem leysa má með sáttamiðlun

Ýmis skilyrði eru fyrir því að ákærandi geti vísað sakamáli til sáttamiðlunar. Þar ber fyrst að nefna að sakarefnið verður að varða við eitt af eftirfarandi ákvæðum alm. hgl.; 106. gr. er varðar minniháttar brot gegn valdstjórninni, 217. gr. er varðar minniháttar líkamsárás, 244. gr. er varðar þjófnað, 245. gr. er varðar gripdeild, 231. gr. er varðar húsbrot, 233. gr. er varðar hótun, 257. gr. er varðar eignaspjöll eða 259. gr. er varðar nytjastuld.⁸³ Eins og áður hefur verið drepið á fer sáttamiðlun fram undir stjórn sérþjálfaðs lögreglumanns varðandi öll þessi ákvæði, nema 106. gr. sem einungis ríkissaksóknari, eða fulltrúi hans, má miðla. Ákvörðun um að skjóta máli til sáttameðferðar er varðar við 106. gr. alm. hgl., er alltaf tekin á skrifstofu ríkissaksóknara en ekki af einstaka ákæranda eins og önnur mál sem send eru í sáttameðferð.

Önnur skilyrði fyrir því að máli verði vísað til sáttamiðlunar varða refsipýngd (ef málið færi fyrir almennan dómstól) og ákveðin skilyrði verða að vera uppfyllt af hálfu geranda og brotþola. Ákærandi má vísa máli til sáttamiðlunar ef málinu yrði annars lokið með skilorðsbundinni ákærufræstun eða ef ætla má að refsing við brotinu fari ekki fram úr sektum eða skilorðsbundnu fangelsi. Á hinn boginn, hvað varðar skilyrði aðila, verður gerandi

⁸² Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 24.

⁸³ Ríkissaksóknari: Sáttamiðlun. Fyrirmæli nr. RS:7/2009.

að hafa játað brot og málið verður að vera talið nægilega upplýst af lögreglu. Síðast en ekki síst verða bæði gerandi og brotþoli að hafa samþykkt að málinu verði vísað til sáttamiðlunar. Sé aðili máls undir 18 ára aldri verður lögráðamaður þess að samþykkja að málið hljóti sáttameðferð. Engin aldurstakmörk eru fyrir þátttöku í sáttamiðlun, né heldur aldurstakmörk svo máli verði vísað til sáttamiðlunar. Hafa verður þó í huga að sáttamiðlun er talin sérstaklega álitlegur kostur fyrir ungmenni á aldrinum 15-21 árs.⁸⁴

3.6.2 Meginreglur

Dr. Jur Vibeke Vindelöv setur fram fimm meginreglur um sáttamiðlun í skandinavíska módelinu sem hún vinnur eftir. Getur þetta jafnt átt við alla sáttamiðlun, hvar sem hún fer fram í heiminum. Meginreglur þessar eru leiðbeinandi hvað varðar umgjörð og tilgang sáttamiðlunar almennt. Fyrst ber að nefna *trúnaðarregluna* sem byggir á því að aðilar komist að þeirri niðurstöðu sem þeir báðir telja rétta, án atbeina utanaðkomandi aðila. *Afstæðisreglan* vísar til þess að aðilar geti fundið efnislegar lausnir sem þeim finnst réttar, svo lengi sem þeir halda sig innan ramma almennra siðfræðilegra gilda. *Sjálfræðisreglan* gefur aðilum rétt til að hætta þátttöku sinni hvenær sem er í sáttferlinu, og leita eftir úrlausn deilumálsins með öðrum hætti, s.s. hjá dómstóli eða gerðardómi. *Ábyrgðarreglan* mælir því ekki í mót að aðilar deilumáls leiti eftir og njóti utanaðkomandi aðstoðar, eins og frá lögmanni. Aftur á móti getur aðili ekki látið staðgengil mæta fyrir sig á sáttafund eða gera samkomulag fyrir sína hönd. Aðili verður alltaf að mæta sjálfur á sáttafund og eiga í viðræðum við hinn aðilann sjálfur. Samkomulag verður einungis gert fyrir tilstilli viðræðna milli sjálfra aðilanna að deilumálinu. *Viðræðureglan* leggur þá skyldu á aðila að þeir geri grein fyrir persónulegum sjónarmiðum sínum um ágreininginn, mæti þeir á annað borð sjálfviljugir til sáttameðferðar. Samkvæmt þessari reglu skulu aðilar taka virkan þátt í samningaviðræðunum og stuðla að lausn ágreiningsins.⁸⁵ Þannig mætti segja að sjálfræðið sem sjálfræðisreglan mælir fyrir um, leggi ábyrgð fyrir deilunni á herðar deiluaðilanna, sem og skyldu til virkni svo leysa megi deiluna.

3.7 Sáttamiðlun á Norðurlöndunum

3.7.1 Sáttamiðlun í Noregi

Sáttamiðlun í Noregi samanstendur af mörgum formum, en töluvert er þó að finna um úrræðið í lögum landsins. Mismunandi leiðir eru færar eftir því hvort um er að ræða einkamál eða sakamál sem sætta á. Þegar koma skal á sáttum í sakamáli fer sá fundur fyrir ágreiningsráðið

⁸⁴ Ríkissaksóknari: Sáttamiðlun. Fyrirmæli nr. RS:7/2009.

⁸⁵ Ingibjörg Bjarnardóttir: Sáttamiðlun í hnotskurn, bls. 39.

(n. *konfliktrádet*) í lang flestum tilfellum. Sáttamiðlun í sakamálum byrjaði formlega árið 1980 þegar þáverandi dómsmálaráðherra hrinti í framkvæmd tilraunaverkefni til fimm ára, sem sérstaklega var beint að því að finna úrræði fyrir unga afbrotamenn á aldrinum 14-18 ára⁸⁶, önnur en fangelsisvist eða aðra refsivist. Var þetta verkefni sett á stofn eftir áhrifamikil greinarskrif norska fræðimannsins Nils Christie.⁸⁷ Í Noregi er ekkert sérstakt kerfi í gildi fyrir unga afbrotamenn, frekar en á Íslandi. Samt sem áður hefur sáttamiðlunarúrræðið haldist sem sérstakt úrræði fyrir unga afbrotamenn þar í landi. Sakamál ungmenna eru ýmist færð til sáttamiðlunar af ákærvaldinu strax á rannsóknarstigi, þau færð til sáttamiðlunar af félagsmálayfirvöldum þegar sáttamiðlunin er hluti af samfélagsþjónustu, eða að þau eru færð til sáttamiðlunar af dómstólum þegar slík meðferð er hluti af skilorðsbundnum dómi brotamanns.⁸⁸ Takist sátt milli aðila á sáttafundi er ekki gefin út ákæra og dæmt í málinu fyrir dómstólum. Þau sakamál sem helst eru send til sáttamiðlunar eru þjófnaðir, nytjastuldur, eignaspjöll og minni háttar líkamsárásir. Skilyrði fyrir því að mál fari í sáttamiðlun er að því yrði annars lokið með því að falla frá saksókn, eða dæmd yrði sekt eða skilorðsbundinn dómur.⁸⁹

3.7.2 Sáttamiðlun í Danmörku

Sáttamiðlun í Danmörku er með nokkuð öðru sniði en sáttamiðlun á hinum Norðurlöndunum. Líkt og annarsstaðar er sáttamiðlun notuð bæði í einkamálum og sakamálum. Engin heildstæð löggjöf er í Danmörku fyrir sáttamiðlun í sakamálum, en árið 1994 hófst tilraunaverkefni um það í nokkrum lögregluumdæmum landsins. Verkefnið fór fram í svokölluðu ágreiningsráði (*d. konfliktråd*) og átti sáttameðferðin að vera viðbót við refsingu. Gekk þetta ekki sem skyldi og var nýtt tilraunaverkefni sett af stað árið 1998. Verkefni þessu var beint að afbrotamönnum yfir sakhæfisaldri, þ.e. 15 ára og eldri. Það sem er öðruvísi við sáttamiðlunarúrræðið í Danmörku er að það kemur sem viðbót við refsingu, en ekki í stað refsingar eins og á hinum Norðurlöndunum. Brotamönnum er skylt að afplána refsingu sína, en dómara er heimilt að taka tillit til árangursríkrar sáttameðferðar þegar refsing er ákveðin.⁹⁰

3.7.3 Sáttamiðlun í Svíþjóð

Sáttamiðlun í Svíþjóð á rætur sínar að rekja til ársins 1987, en það var ekki fyrr en árið 1998 sem landssamtök sáttamiðlunar í Svíþjóð (*s. Svenska föreningen för medling*) voru stofnuð.

⁸⁶ Sakhæfisaldur afbrotamanna í Noregi var 14 ár til ársins 1991, þegar honum var breytt í 15 ár til samræmis við hin Norðurlöndin.

⁸⁷ Siri Kemény: Victim-Offender Mediation with juvenile offenders in Norway, bls. 101-102.

⁸⁸ Siri Kemény: Victim-Offender Mediation with juvenile offenders in Norway, bls. 103.

⁸⁹ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 28.

⁹⁰ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 26.

Helsta áhersla samtakanna er sáttamiðlun í sakamálum og þá sérstaklega mál er varða unga afbrotamenn. Sænska forvarnarráðið gegn afbrotum (*s. Brottsförebyggande Rådet – BRÅ*) var stofnað sama ár og var því gert að setja af stað verkefni um sáttamiðlun fyrir unga afbrotamenn.⁹¹ Í kjölfar tilraunaverkefnisins, árið 2002, var ákveðið að setja lög um sáttamiðlun í sakamálum. Lögin eru aðeins rammalög, þ.e.a.s. þau hafa ekki að geyma nákvæmar reglur um framkvæmd sáttamiðlunar. Þær meginreglur sem lögin setja eru svipaðar þeim sem gilda í sáttamiðlunarlögum bæði Danmerkur og Noregs. Lögin kveða á um að sáttamiðlunarúrræðið skuli ekki notað fyrir yngri afbrotamenn en 12 ára (nema sérstakar ástæður liggi fyrir) og er lögunum sérstaklega beint að afbrotamönnum á aldrinum 15-17 ára, þó ekki sé kveðið á um ákveðin aldursmörk. Sáttamiðlun skal ekki beitt í neinum sérstökum sakamálum, þ.e. afbrot í öllum brotaflokkum geta komið til sáttamiðlunar.⁹² Þau mál er þykja heppilegust til sáttameðferðar eru þau er kærð hafa verið til lögreglu. Lögin um sáttamiðlun gera ráð fyrir því að sáttumleitun eigi sér stað á frumstigi rannsóknar og í samráði milli lögreglu og sáttamanns. Í Svíþjóð er því ekki endilega gert ráð fyrir að mál sé fullrannsakað áður en það fer í sáttameðferð.⁹³

3.7.4 Sáttamiðlun í Finnlandi

Umræða um sáttamiðlun í Finnlandi hófst í lok 8. áratugarins eftir fyrirlestur norska fræðimannsins Nils Christie. Í kjölfarið var fyrsta tilraunaverkefninu um sáttamiðlun hrint af stað árið 1983. Framkvæmd sáttamiðlunar í einstökum bæjarfélögum var mjög misjöfn og engar sérstakar reglur sem giltu um form sáttamiðlunar, hvaða einstaklingar ættu rétt á sáttamiðlunarúrræðinu, né hvaða brot væru æskileg til lausnar með sáttamiðlun. Nýtt verkefni um sáttamiðlun var framkvæmt á árunum 1998-2000, en þar var ætlað að meta áhrif sáttamiðlunar á börn 15 ára og yngri. Þau brot sem fóru helst í sáttamiðlun voru líkamsárásir, eignaspjöll, veggjakrot og þjófnaður. Árið 2002 settu því stjórnvöld í Finnlandi á nefnd sem kallast ráðgefandi sáttamiðlunarnefnd (*e. the Advisory Committee of Mediation*) og skipaði sú nefnd fyrir um að lög skyldu sett um sáttamiðlun í landinu.⁹⁴ Finnsku sakamálalögin heimila að fallið sé frá saksókn, að refsing liggi ekki við broti, eða að refsing verði lækkuð, hafi aðilar komist að sátt um málið. Hins vegar leiðir sátt eftir sáttameðferð ekki skilyrðislaust til þess að fallið sé frá saksókn eða að sáttin hafi áhrif á ákvörðun refsingarinnar.⁹⁵

⁹¹ Lottie Wahlin: Victim-Offender Mediation in Sweden, bls. 77-78.

⁹² Lottie Wahlin: Victim-Offender Mediation in Sweden, bls. 79-81.

⁹³ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 29.

⁹⁴ Ossi Eskelinen & Juhani Iivari: Victim-Offender Mediation with juvenile offenders in Finland, bls. 116-122.

⁹⁵ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, bls. 30.

3.8 Framhald sáttamiðlunar á Íslandi

Þegar tilraunaverkefninu um sáttamiðlun lauk árið 2008, var tekið upp ákvæði í nýju sakamálalögunum, um að ákærvaldinu væri heimilt að falla frá saksókn hafi sakborningur og brotapolí komist að samkomulagi um málalok. Er hér um að ræða 3. mgr. 146. gr. sml. Nokkuð öruggt er að sáttamiðlun verði áfram við lýði á Íslandi sem úrræði fyrir unga afbrotamenn þrátt fyrir að ekki hafi verið sett sérstök lög um sáttamiðlun. Úrræðið er fyrst og fremst hugsað vegna afbrota ungmenna, en einnig er það tilvalið vegna minniháttar afbrota hjá öðrum aldursflokkum. Skiptir þó miklu máli að einungis sé boðið upp á sáttamiðlun fyrir þá afbrotamenn sem brjóta af sér í fyrsta skipti. Getur þetta reynst illmögulegt í ljósi þess að afbrot færist ekki á sakaskrá einstaklings, hafi málið verið leyst með sáttamiðlun. Þyrfti að leysa það vandamál með sérstökum lögum um sáttamiðlun, sé það ætlun dómsmálaráðherra að gera sáttamiðlun að alvöru framtíðar úrræði. Þyrftu þau lög að skipa fyrir um nákvæmt regluverk úrræðisins. Heimildin til að notast við sáttamiðlun er komin í lög eins og áður segir, með nýju sakamálalögunum nr. 88/2008 og reglulega er notast við úrræðið í dag. Einu reglurnar sem gilda um sáttamiðlun eru þær sem ríkissaksóknari hefur gefið út í fyrirmælum RS:7/2009, en þyftu þær að vera ítarlegri.

4. Lokaorð

Meðferð sakamála ungmenna er nokkuð einsleit, þ.e.a.s. ef eingöngu er litið til laganna. Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008, kveða á um takmarkaðar heimildir til að koma ungmennum sem villst hafa af réttri braut, til aðstoðar og uppbyggingar. Eins og rakið var í öðrum kafla ritgerðarinnar eru helstu úrræði til handa ungum afbrotamönnum, skilorðsbundnir dómar eða í örfáum tilfellum samfélagsþjónusta í stað fangelsisvistar. Tilrauna- verkefnið um sáttamiðlun sem fram fór á árunum 2006-2008 var árangursríkt og kærkomin viðbót við þau úrræði sem boðist höfðu ungum afbrotamönnum fram að því. Sáttamiðlunin virtist vera einhverskonar blanda sáttamiðlunarúrræða sem notast hefur verið við á Norðurlöndunum í allnokkur ár. Nefndinni er sá um verkefnið virðist hafa tekist vel upp með að týna til bestu aðferðir hvers úrræðis hinna Norðurlandanna. Þykir nokkuð ljóst, miðað við þær rannsóknir og kannanir sem gerðar hafa verið meðal þeirra sem tóku þátt í verkefninu að eindregin ánægja er með aðferðina og útkomu hennar. Skýrt er að ef sáttamiðlun á að vera varanlegt úrræði, þarf að setja sérstök lög um regluverk hennar, þ.e. nákvæmar „leikreglur“. Þar sem sakamálalögin nr. 88/2008 gefa nú þegar heimild til sáttamiðlunar í sakamálum, þarf einungis að setja lög um hvernig úrræðinu skuli háttað. Þarf þá að tilgreina hvernig sáttamiðlun skuli útfærð, hverjir skuli vera sáttamenn, hverjir eiga kost á sáttamiðlun og fyrir brot á hvaða lagaákvæðum, svo dæmi séu tekin. Með tilliti til efnahagsástandsins í dag, getur ekki talist líklegt að þetta komi til umræðu hjá löggjafanum á næstu misserum, þar sem að mörgu öðru þarf að huga fyrst. Aftur á móti væri það til bóta til langs tíma litið, vegna efnahagsástandsins að ráðast í framkvæmd þessarar lagasetningar. Færa má sterk rök fyrir því að sáttamiðlunarúrræðið sé bæði hagkvæmara og fljótvirkara en hin hefðbundna leið dómstólanna, fyrir utan það að miklu álagi væri létt af dómstólunum sem þyrftu ekki að eyða tíma sínum og kröftum í tiltölulega lítilvæg mál, sem vel væri hægt að leysa með sáttamiðlun utan réttarsalarins. Eins og tölurnar í öðrum kafla varðandi kærur vegna lítilvægra brota meðal ungmenna sýna fram á, væri án efa þungu fargi af dómstólunum létt með því að færa megnið af þessum málum til sáttamiðlunar. Ekki síst væri það til hagsbóta fyrir aðila, sem ekki þyrftu að berjast fyrir máli sínu í dómsal. Með óformlegri samræðum, lýsingum á tilfinningum og samkomulagi sem aðilar sjálfir gera, væri álagi af öllum aðilum létt.

Heimildaskrá

Bækur:

Lottie Wahlin, „Victim-Offender Mediation in Sweden“ í Anna Mestitz & Simona Ghetti, ritstjórar. *Victim-Offender Mediation with Youth Offenders in Europe – An overview and comparison of 15 countries* (New York: Springer, 2005) bls. 77-100

Ossi Eskelinen & Juhani Iivari, „Victim-Offender Mediation with juvenile offenders in Finland“ í Anna Mestitz & Simona Ghetti, ritstjórar. *Victim-Offender Mediation with Youth Offenders in Europe – An overview and comparison of 15 countries* (New York: Springer, 2005) bls. 115-136

Siri Kemény, „Victim-Offender Mediation with juvenile offenders in Norway“ í Anna Mestitz & Simona Ghetti, ritstjórar. *Victim-Offender Mediation with Youth Offenders in Europe – An overview and comparison of 15 countries* (New York: Springer, 2005) bls. 101-114

Greinar:

Brynjar Níelsson. 2002. Um glæpi og refsingar. *Lögmannablaðið* 2:19-20

Ingibjörg Bjarnardóttir. 2005. Sáttamiðlun í einkamálum. *Lögmannablaðið* 3:34-36

Ingibjörg Bjarnardóttir. 2005. Sáttamiðlun í hnotskurn. *Lögmannablaðið* 4:38-40

Paul McCold. 1998. Police-Facilitated Restorative Conferencing – What the data show. *Second Annual International Conference on Restorative Justice for Juveniles*, Florida Atlantic University

Skýrslur:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 1999. Nefnd um unga afbrotamenn. *Skýrsla nefndar um unga afbrotamenn*. 23. júlí 1999. (Sótt 13. nóvember 2009)

http://www.domsmalaraduneyti.is/utgefid-efni/skyrslur_til_radherra/nr/688

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2004. Nefnd um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna. *Skýrsla nefndar*. 21. apríl 2004. (Sótt 15. júní 2009)

http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Nyjar_leidir_vegna_afbrota_ungmenna.pdf

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2007. Eftirlitsnefnd með tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum. *Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum – Stöðuskýrsla til dómsmálaráðherra*. 21. desember 2007. (Sótt 15. júní 2009)

http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Stoduskysrsla_sattamidlun.pdf

Fangelsismálastofnun ríkisins. 2001. *Ársskýrsla*. Desember 2002. (Sótt 27. janúar 2010)

<http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/A2001.pdf>

Fangelsismálastofnun ríkisins. 2010. Hafdís Guðmundsdóttir. *Eftirlit með ungmennum*. 6. apríl 2010

Fangelsismálastofnun ríkisins. 2010. Hafdís Guðmundsdóttir. *Meðferð ungra sakamanna á aldrinum 15-21 árs undir eftirliti*. 28. janúar 2010

Hafsteinn G. Hafsteinsson. 2006. *Uppbyggileg réttvísi á Íslandi; Tillögur um hvernig megi á sem hagkvæmasta og árangursríkasta hátt innleiða sáttumleitun inn í íslenskt réttarkerfi*. 16. janúar 2006

Ríkislögreglustjórinn. 2010. Stjórnsýslusvið – Afbrotatölfræði. Þórdís Rún Þórisdóttir. *Afbrot ungmenna árið 2008, greint eftir tegundum afbrota*. 26. janúar 2010

Ríkissaksóknari. 2008. *Ársskýrsla*. Júní 2009. (Sótt 12. apríl 2010)
<http://www.rkissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Arsskyrsla-2008.pdf>

Ræða/fyrirlestur:

Ingibjörg Bjarnardóttir. 2007. Sáttamiðlun milli foreldra um hag og þarfir skilnaðarbarna. Erindi flutt á málþinginu Áfram ábyrg. Keflavíkurkirkja 23.-24. febrúar

Lög:

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940 12. febrúar

Barnaverndarlög, nr. 80/2002 10. maí

Lögræðislög, nr. 71/1997 28. maí

Lög um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88 12. júní 2008, nr. 123/2009 23. desember

Lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 17. maí

Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008 12. júní

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 17. júní

Dómar:

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 9/1977 frá 9. mars 1978 (ákærvaldið gegn Alberti Ragnarssyni og Kristmundi Sigurðssyni)

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 25/1991 frá 19. júní 1991 (ákærvaldið gegn Guðmundi Helga Svavarssyni og Snorra Snorrassyni)

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 62/1987 frá 15. maí 1987 (ákærvaldið gegn Merði Ingólfssyni)

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 214/1978 frá 22. febrúar 1980 (ákærvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski, Tryggva Rúnari Leifssyni, Alberti Klahn Skaftasyni, Erlu Bolladóttur og Guðjóni Skarphéðinssyni)

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 461/1993 frá 10. mars 1994 (ákærvaldið gegn Þórði Jóhanni Eyþórssyni)

Internetið:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, *Nýjar leiðir vegna afbrota ungmenna*. Fréttatilkynning nr. 5/2004. 25. maí 2004. (Sótt 15. júní 2009)

<http://www.domsmalaraduneyti.is/frettatilkynningar/nr/858>

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, *Sáttamiðlun í opinberum málum*. (Sótt 16. apríl 2009)

<http://www.domsmalaraduneyti.is/sattamidlun/>

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, *Reglugerð um lögreglustjórásáttir*. Reglugerð nr. 205/2009. 4. febrúar 2009. (Sótt 25. janúar 2010)

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/aa0d47377abc977400256a090053ff91/7aa7dc329da250b000257566005b822a?OpenDocument&Highlight=0,205%2F2009>

Dómstólaráð og héraðsdómstólarnir, *Hugleiðing um refsíákvarðanir*, Freyr Ófeigsson, 21. september 2007 (Sótt 13. nóvember 2009) <http://domstolar.is/greinar/nr/275>

Fangelsismálastofnun ríkisins, *Samfélagsþjónusta*. (Sótt 14. janúar 2010)

<http://www.fangelsi.is/samfelagsthjonusta/>

Fangelsismálastofnun ríkisins, *Samfélagsþjónusta í stað fangelsisrefsingar*, 1. júlí 2005 (Sótt 14. janúar 2010)

http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Upplýsingar_um_ST_i_stad_fangelsisrefsingar.pdf

Lögreglan, *Sáttamiðlun*. (Sótt 16. apríl 2009) www.logreglan.is/file.asp?id=8144

Ríkissaksóknari, *Sáttamiðlun*. Fyrirmæli nr. RS:7/2009. 1. september 2009. (Sótt 17. september 2009) http://www.saksoknari.is/media/frettir/RS-7-2009-Fyrirmaeli_sattamidlun.pdf

http://www.saksoknari.is/media/frettir/RS-7-2009-Fyrirmaeli_sattamidlun.pdf

Umboðsmaður barna, *Afbrot*. (Sótt 30. desember 2009)

<http://www.barn.is/adalsida/malaflokkar/afbrot/>

Vísindavefurinn, *Er hægt að dæma fjöldamorðingja á Íslandi í lengra en 16 ára fangelsi?*, Árni Helgason, 31. ágúst 2009 (Sótt 21. janúar 2010)

<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=52904>